

Alþingi
Erindi nr. P 143/723
komudagur 19.12.2013



Nefndasvið skrifstofu Alþingis

B.t. Fjárlaganefndar
B.t. Efnahags- og viðskiptanefndar
B.t. Atvinnuveganefndar

Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 16. desember 2013

**Efni: Umsögn Norðuráls um fjárlagafrumvarp 2014, þskj. 1– 1. mál.
Fyrirhuguð framlenging sérstaks skatts af seldri raforku til ársloka 2015.**

Vísað er til frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2014, sem fjármálaráðherra lagði fram á Alþingi 1. október sl., þar sem fram komaáform nýrrar ríkisstjórnar sjálfstæðis- og framsóknarflokks um áframhaldandi álagningu raforkuskatts til ársloka 2015. Ákvæði um slíka tímabundna skattheimtu var leitt í lög í valdatíð síðustu ríkisstjórnar.

Félögin Norðurál ehf., Norðurál Grundartangi ehf. og Norðurál Helguvík ehf. (saman nefnd „**Norðurál**“) gera athugasemdir við áform ríkisstjórnar Íslands í fjárlagafrumvarpi 2014 um framlengingu sérstaks raforkuskatts sem lagður var á tímabundið í fjárlögum 2010 og falla átti úr gildi í árslok 2012. Verði áformin að veruleika, er verið að ganga þvert á skýrar skuldbindingar ríkisstjórnar Íslands við Norðurál samkvæmt þegar gerðum fjárfestingarsamningum.

Áform um áframhaldandi álagningu raforkuskatts eru Norðuráli mikil vonbrigði, enda slíkt í algjöru ósamræmi við gagnrýni núverandi stjórnarflokka á álagningu raforkuskatts á fyrri árum og yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar um einróma stuðning við atvinnuuppbyggingu þ. á m. við uppbyggingu álvers í Helguvík.

Um fjárlagafrumvarpið er fjallað í fjárlaganefnd Alþingis og í öðrum nefndum hvað varðar ákveðna efnisflokka. Þá verður fjallað um nauðsynlegar lagabreytingar vegna tekjuhliðar fjárlaga og breytingar á almennum lögum sem tengjast afgreiðslu fjárlaga í nefndum. Norðurál telur því nauðsynlegt að senda umsögn sína til fjárlaganefndar, efnahags- og viðskiptanefndar sem og atvinnuveganefndar varðandi þann lið fjárlagafrumvarpsins 2014 er lýtur að áætlaðri álagningu raforkuskatts.



1. Áætlanir í fjárlagafrumvarpi 2014 um framlengingu raforkuskatts.

1.1. Fyrri hluti fjárlagafrumvarps 2014: Stefna ríkisstjórnarinnar um raforkuskatt.

Í fyrri hluta fjárlagafrumvarps 2014 er fjallað um stefnu og horfur í ríkisfjármálum og birt stefnumörkun um ríkisfjármálin yfir lengra tímabil. Er þar að finna nokkra umfjöllun um fyrirhugaða raforkuskatta. Í kafla 3 (Langtímaáætlun í ríkisfjármálum), undirkafla 3.1 (Endurskoðun, breyttar horfur og áhrifaþættir) kemur fram á bls. 33 að gert sé ráð fyrir að tímabundnar ráðstafanir til tekjuöflunar, þ. á m. skattur á raforku, muni falla úr gildi á næstu árum í samræmi við gildandi bráðabirgðaákvæði í lögum frá og með 2015. Í kafla 3.3. (Tekjuáætlun og tekjuáðgerðir til 2017), undirkafla 3.3.1. (Forsendur, heildarrámmi og tekjuþróun), bls. 50 segir þá:

„Sá hluti orkusatts sem lagður er á rafmagn mun renna sitt skeið í árslok 2015. Hvorki er gert ráð fyrir framlengingu ... orkusatts á rafmagn í tekjuáætlun áráanna 2015-2017.“

1.2. Seinni hluti fjárlagafrumvarps 2014: Raforkuskattur í Sundurliðun 1 í fjárlagafrumvarpi (Tekjur A-hluta).

Í síðari hluta fjárlagafrumvarpsins eru sex lagagreinar frumvarpsins ásamt fjórum nánari sundurliðunum, sem jafnframt munu hafa lagagildi. Á bls. 3 er að finna A-hluta frumvarpsins um fjárreiður ríkissjóðs og ríkisstofnana, og 1. gr. um rekstraryfirlit ríkissjóðs. Í sundurliðun 1 (Tekjur A-hluta) er í lið 5.1.2.1.36, bls. 13, gert ráð fyrir sérstökum skatti af seldri raforku með rekstrar og greiðslugrunn að fjárhæð 2090 fyrir árið 2014 (var 1.990 milljónum kr. fyrir árið 2013).

Þá er í athugasemdum við lagafrumvarpið að finna kaflaskipta umfjöllun um lagaákvæðin. Í 2. kafla (Tekjur A-hluta ríkissjóðs) er gerð grein fyrir tekjuhorfum ríkissjóðs árið 2014 eins og þær eru metnar út frá þeim forsendum sem fjárlagafrumvarpið byggist á. Er þar farið yfir áætlanir um einstaka tekjustofna. Í undirkafla 2.4. (Þróun einstakra tekjustofna 2014) er að finna eftirfarandi umfjöllun um skatta á vöru og þjónustu, sbr. bls. 2011-212

„ (...) Hér er um að ræða almennt vörugjald á bensín, sérstakt vörugjald á bensín, kolefnisgjald, olíugjald, sérstakan skatt á raforku, áfengisgjald, tóbaksgjald, bifreiðagjald og kílómetragjald. (...)“

Rekstrargrunnur, m.kr.	Reikningur 2011	Reikningur 2012	Fjárlög 2012	Áætlun 2013	Frumvarp 2014
Sérstakur skattur af seldri raforku	1.818	1.970	1.870	1.990	2.090

„(...) Kolefnisgjald og orkuskattar á rafmagn og heitt vatn sem teknir voru upp í ársbyrjun 2010 eru taldir munu skila samtals 5,8 mia.kr. tekjum. (...)”

Ekki eru gerðar tillögur að lagabreytingum vegna framangreinds, enda er í lögum nr. 129/2009 tímabundin heimild til innheimtu raforkuskatts til ársloka 2015, sem samþykkt var vegna fjárlaga 2013.

2. Athugasemdir Norðuráls við framangreint fjárlagafrumvarp 2014 og áætlanir um álagningu raforkuskatts.

Í fjárlagafrumvarpi nýrrar ríkisstjórnar sjálfstæðis- og framsóknarflokks fyrir árið 2014 er þannig gert ráð fyrir að framlenging raforkuskatts samkvæmt lögum nr. 129/2009 um umhverfis- og auðlindaskatta, sem samþykkt var í tíð fyrri ríkisstjórnar, haldi gildi sínu. Þannig er áformað að raforkuskattur verði áfram lagður á tímabundið til ársloka 2015. Norðuráli kemur þetta í algjörlega opna skjöldu, sérstaklega í ljósi afstöðu þingmanna ríkisstjórnarflokkanna á síðustu árum.

Norðurál gerir alvarlegar athugasemdir við þessi áform og telur brýnt að koma sjónarmiðjum sínum á framfæri við þessar fyrirætlanir ríkisstjórnar Íslands. Nauðsynlegt þykir að fara fyrst stuttlega yfir þá samninga sem gilda á milli ríkisstjórnar Íslands og þá aðdraganda álagningar raforkuskatts í kjölfar efnahagshrunsins 2008.

2.1. Gildandi samningar ríkisstjórnar Íslands við Norðurál. Aðdragandi álagningar raforkuskatts.

2.1.1. Fjárfestingarsamningar við Norðurál.

Markmið íslenskra stjórnvalda hefur verið að efla nýfjárfestingu í atvinnurekstri hér á landi og stuðla þannig að styrkingu á íslensku atvinnulífi - skapa hér ný atvinnutækifæri og fjölga störfum sem ella yrðu ekki til. Ríkisstjórnir Íslands hafa reynt að stuðla að því markmiði, m.a. með bindandi fjárfestingarsamningum við einstaka fjárfesta. Slíkir fjárfestingarsamningar hafa tvívegis verið gerðir við Norðurál og eiganda þess. Fjárfestingarsamningur vegna álvers Norðuráls á Grundartanga var gerður árið 1997 með heimild í sérlögum nr. 62/1997 (með síðari breytingum „**Grundartangalögin**”). Sá fjárfestingarsamningur, auk síðari viðauka, („**Grundartangasamningurinn**”) myndar þann ramma sem liggur til grundvallar fjárfestingunni. Með svipuðum hætti, gerði ríkisstjórn Íslands árið 2009 sérstakan fjárfestingarsamning við Norðurál vegna fyrirhugaðs álvers í Helguvík („**Helguvíkursamningurinn**”), með heimild í sérlögum nr. 51/2009 („**Helguvíkurlögin**”).

Tilgangur fjárfestingarsamninga er öðru fremur sá að tryggja viðskiptaumhverfi til langs tíma einkum hvað varðar skatta og gjöld. Fjárfestar, sem hyggjast flytja verulegt fjármagn til landsins vegna fjárfestingarverkefna á atvinnuþróunarsvæðum, vilja af eðlilegum ástæðum hafa nokkra vissu fyrir því að skattaumhverfi eða öðrum rekstrarforsendum verði ekki gjörbreytt eftir fáeinum árum þannig að upphafleg áætlun standist ekki. Þannig er tilgangur fjárfestingarsamninga einkum að skapa festu og fyrirsjáanleika hvað varðar skattaumhverfi áður en endanlegar ákvarðanir eru teknar um stórfjárfestingar. Þannig getur skattlagning, í ósamræmi við ákvæði fjárfestingarsamninga, ekki átt sér stað án þess að skapa ríkinu bótaskyldu, nema með sérstöku samkomulagi við samningsaðila.

2.1.2. Samkomulag um frávík frá fjárfestingarsamningum – um fyrirframgreiðslu tekjuskatts og tímabundinn raforkuskatt til ársloka 2012.

Í kjölfar hins íslenska efnahagshruns var ljóst að staða ríkissjóðs var án fordæma og óvissa um nánustu framtíð. Þann 7. desember 2009 var gert sérstakt samkomulag á milli annars vegar fjármálaráðuneytis og iðnaðarráðuneytis og hins vegar Samtaka Atvinnulífsins og stórnotenda á raforku, um ráðstafanir til þess að mæta erfiðri stöðu ríkissjóðs og til þess að stuðla að auknum fjárfestingum í atvinnulífinu. Í 1. tölul. samkomulagsins var mælt fyrir um árlega fyrirframgreiðslu nokkurra stærstu notenda raforku á Íslandi á tekjuskatti sem greiða átti á árunum 2010-2012, þ.e. upp í væntanlega álagningu á tekjuskatti og öðrum opinberum gjöldum á árunum 2013-2018. Var Norðurál Grundartangi ehf. þar á meðal. Þá var í 2. tölul. samkomulagsins kveðið á um álagningu sérstaks raforkuskatts, sem lagður yrði á með sérstökum lögum og myndi standa í þrjú ár frá árinu 2010, þ.e. falla niður í árslok 2012. Eftir þann tíma, eða árið 2013, var þess hins vegar að vænta að Ísland yrðu aðili að alþjóðlegu viðskiptakerfi með losun gróðurhúsaiofttegunda með tilheyrandi kostnaðarauka fyrir stórnotendur. Álagningu tímabundins raforkuskatts má þannig rekja beint til þessa samkomulags.

Í kjölfar þessa var bráðabirgðaákvæði bætt við Grundartangalögin með lögum nr. 151/2009 þess efnis að heimild var veitt til að gera viðauka við Grundartangasamninginn um fyrirkomulag skattgreiðslna á árunum 2010-2012. Í athugasemdum í greinargerð með frumvarpi til laganna var tekið sérstaklega fram að raforkuskattar skyldu tímabundnir til ársloka 2012. Fjórdi viðauki við Grundartangasamninginn var þá undirritaður, en viðaukinn laut efnislega að fyrirframgreiðslu tekjuskattsins þar sem í inngangi er sérstaklega tilgreint að raforkuskattur skuli tímabundinn til ársloka 2012. Lög nr. 129/2009 um umhverfis- og auðlindaskatta voru þá sett af Alþingi þar sem í 5. gr. var kveðið á um álagningu raforkuskatts. Í samræmi við ofangreint var kveðið á um í 13. gr. að lögin myndu falla úr gildi þann 31. desember 2012.

2.1.3. Umræður um álagningu auðlindaskatts.

Hart var deilt á Alþingi um frumvarp til umhverfis- og auðlindaskatta, þar sem fulltrúar Sjálfstæðis- og Framsóknarflokks gagnrýndu frumvarpið mjög. Nefndarálit fulltrúa þeirra flokka lögðu til að málinu yrði vísað til ríkisstjórnarinnar¹ og kom m.a. fram sú afstaða núverandi fjármálaráðherra, Bjarna Benediktssonar, að „þetta er eitt þeirra atriða sem mynda þann skattapakka, er hættuleg og hún er líkleg til þess að dýpka kreppuna, til þess að valda okkur meiri vandræðum en þörf krefur og hún ... gefur okkur a.m.k. ekki góðar væntingar um að samráð og skynsemi muni ráða för í fjárlagagerð og skattaframkvæmd á komandi árum hjá ríkisstjórninni.“² Vísaði fjármálaráðherra til skýrslu Viðskiptaráðs máli sínu til stuðnings.³ Að mati Péturs Blöndal var frumvarpið í raun atлага að atvinnulífi framtíðarinnar þar sem vonast væri til þess að hingað kæmu aðilar til þess

¹ Nefndarálit 1. og 3. minnihluta efnahags- og skattanefndar um frv. til l. um umhverfis- og auðlindaskatta. 138. löggjafarþing 2009-2010. 257. mál. Þskj. 490 og 505.

² Ræða Bjarna Benediktssonar 138. löggjafarþing 2009-2010, 52. fundur, 18. desember 2009.

³ Skýrsla Viðskiptaráðs: Fjármál hins opinbera - aðrar leiðir færar. Desember 2009. Sótt 13.10.2013 á síðina <http://www.vi.is/utgafa-vi/allar-utgefna-skyrslur/>. Á bls. 26 kemur þar fram: „Á sama tíma hafa rekstraraðstæður hríðversnað sem sést best á þeirri staðreynd að einkaneysla hefur dregist saman um nærri 30% frá því hámarki hennar var náð árið 2007 og fjárfesting einkaaðila hefur hrunið um ríflega 60% á sama tíma. Það er því erfitt að sjá hvernig stjórnmöld geta komist að þeirri niðurstöðu að frekari skattlagning á atvinnurekstur sé vænleg leið til árangurs.“

að fjárfesta í ýmsum greinum.⁴ Í sama streng tók núverandi atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra, Ragnheiður Elín Árnadóttir.⁵

2.1.4. Samningsbrot fyrri ríkisstjórnar - framlenging raforkuskatts 2013-2015.

Stórnotendur á raforku stóðu við sinn hluta samkomulags aðila frá 7. desember 2009 (og tengdra breytinga á fjárfestingarsamningum) og inntu af hendi fyrirframgreiðslu tekjuskatts á árunum 2010-2012. Raforkuskattur var þá innheimtur á grundvelli framangreindra laga nr. 129/2009 um umhverfis og auðlindaskatta. Eins og gert var ráð fyrir í samkomulagi aðila var á árinu 2013 tekið upp nýtt viðskiptakerfi með losun gróðurhúsalofttegunda, sbr. lög nr. 70/2012, með tilheyrandi kostnaðarauka fyrir álframléiðendur.

Það kom því forsvarsmönnum Norðurláls verulega á óvart þegar ljóst var að í fjárlagafrumvarpi ársins 2013 var gert ráð fyrir áframhaldandi álagningu raforkuskatts. Norðurlál mótmælti harðlega fyrri fjárlögum 2013 og áformum fyrri ríkisstjórnar um slíkt, enda brot á fyrrgreindu samkomulagi við stórnotendur og skuldbindingum ríkisstjórnarinnar við Norðurlál samkvæmt fjárfestingarsamningum. Fyrri ríkisstjórn hafði athugasemdir stórnotenda að engu. Í nefndarálit fulltrúa Sjálfstæðisflokks var tekið sérstaklega fram að þessi meintu brot íslenskra stjórnvalda á fjárfestingarsamningi Norðurláls væru ekki til þess fallin að liðka fyrir nauðsynlegri erlendri fjárfestingu í landinu.⁶ Í umræðum um ráðstafanir í ríkisfjármálum tók núverandi forsætisráðherra, Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, sérstaklega fram um raforkuskatt að:

*„...það er ekki hægt að kalla það annað en ósvífni núverandi ríkisstjórnar. Það er framganga stjórnarinnar varðandi skatt á raforku, raforkuskattinn, þar sem búið var að gera samkomulag við fyrirtæki sem góðfúslega tóku þátt í að fjármagna framkvæmdir eða útgjöld ríkisstjórnarinnar, jafnvel með því að greiða skatta fyrir fram til nokkurra ára eins og sum stóriðufyrirtækin gerðu samkvæmt samningi um að það yrði bara til ákveðins tíma. Svo kemur hæstv. Forsætisráðherra, eftir að hafa framlengt þessa skattlagningu, og segir að vís hefði verið staðið við samkomulagið, samkomulagið hefði verið að hafa þetta bara til ákveðins tíma en nú sé sá tími liðinn og þá sér hægt að setja skattinn á aftur. Þessir útúrsnúningar eru náttúrulega svo ósvífir og grófir að þeir eru til þess fallnir að hræða hvern þann sem hefur verið að velta fyrir sér að fjárfesta í atvinnuuppbyggingu á Íslandi frá því í vor. **Vonandi verður skaðinn ekki langvarandi, vonandi tekst nýrri ríkisstjórn að sýna fram á að hún haldi loforð og samninga ...betur en sú sem ég vona að fari frá næsta vor.**“⁷*

Í kjölfar samþykktar fjárlagafrumvarpsins varð fyrrnefndum lögum nr. 129/2009 um umhverfis- og auðlindaskatta breytt á þann veg að lögin urðu varanleg en skattur á raforku var hækkaður og framlengdur tímabundið um þrjú ár, eða til 31. desember 2015. Í nefndarálit fulltrúa Sjálfstæðisflokks með breytingartillögu við frumvarp til þeirra laga

⁴ Ræða Péturs Blöndals. 138. löggjafarþing 2009-2010, 51. fundur, 18. desember 2009.

⁵ Ræða Ragnheiðar Elínar Árnadóttur. 138. löggjafarþing 2009-2010, 51. fundur, 18. desember 2009.

⁶ Nefndarálit 1. minnihluta fjárlaganefndar um frv. til fjárlaga fyrir árið 2013. 141. löggjafarþing 2012-2013. Þskj. 589

⁷ Ræða Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar um frv. til fjárlaga fyrir árið 2013. 141. löggjafarþing 2012-2013, 48. fundur 6. desember 2012.



sem breyttu lögum nr. 129/2009 var tekið undir framangreind sjónarmið Norðuráls, en þar kom eftirfarandi fram:⁸

„Samkvæmt tillögum frumvarpsins eru ráðgerðar verulegar breytingar á fyrirkomulagi umhverfis- og auðlindaskatta. M.a. er þar lagt til að álagning raforkuskatts verði framiengd um þrjú ár. Í umsögn Samáls, samtaka álfyrirtækja, eru settar fram alvarlegar athugasemdir. Þar eru í fyrsta lagi færð fram sannfærandi rök fyrir því að framlenging raforkuskatts brjóti gegn samkomulagi sem ríkisstjórnin gerði árið 2009 um fjárfestingarsamninga. Í öðru lagi koma þar fram varnaðarorð, bent er á að sú litla virðing sem ríkisstjórnin sýni skuldbindingum sínum við framlagningu frumvarpsins muni hafa áhrif á áhuga fjárfesta á fjárfestingum í atvinnurekstri á Íslandi.

...
Að mati 2. minni hluta ber að taka framangreind aðvörunarorð umsagnaraðilans alvarlega. Stjórnvöld þurfa almennt að umgangast vald sitt þannig að þau verði ekki trausti rúin. Afstaða ríkisstjórnarinnar veldur því áhyggjum, ekki síst í því ljósi að meint lausung hennar þegar kemur að samningskuldbindingum virðist njóta stuðnings stjórnarþingmanna.

Nú kann það að vera rétt að skattlagningarvald Alþingis verði ekki takmarkað í samningum stjórnvalda en það engu síður ljóst að stjórnvöld geta skuldbindið sig til ákveðinna athafna. Það er alvarlegt þegar þau ganga svo á bak orða sinna."

Norðurál tekur heilshugar undir framangreint álit fulltrúa Sjálfstæðisflokks í desember 2012.

2.2. Áframhaldandi álagning raforkuskatts til ársloka 2015 er andstæð samningskuldbindingum ríkisstjórnarinnar.

Í fjárlagafrumvarpi nýrrar ríkisstjórnar sjálfstæðis- og framsóknarflokks fyrir árið 2014 er gert ráð fyrir að aðurnefnd framlenging raforkuskatts samkvæmt lögum nr. 129/2009 um umhverfis- og auðlindaskatta, sem samþykkt var í tíð fyrri ríkisstjórnar, haldi gildi sínu. Þannig er áformað að raforkuskattur verði áfram lagður á tímabundið til ársloka 2015.

2.2.1. Alvarlegur forsendubrestur á samkomulagi við Norðurál um fyrirframgreiðslu tekjuskatts áráanna 2013-2018. Grundvöllur skattheimtu.

Í fyrsta lagi er bent á að forsenda fyrrgreinds samkomulags um fyrirframgreiðslu tekjuskatts á árunum 2010-2012, þ. á m. Norðuráls Grundartanga ehf., var að raforkuskattur yrði lagður á tímabundið til og með ársins 2012. Ljóst er að framlenging skattsins eftir það tímamark felur í sér alvarlegan forsendubrest á þeim samningum sem gerðir voru vegna fyrirframgreiðslunnar, þ.e. bæði samkomulaginu frá 7. desember 2009 og fjórða viðauka við Grundartangasamninginn. Fyrirframgreiðsla Norðuráls nemur ein og sér alls 1.165 milljónum króna. Að mati forsvarsmanna Norðuráls er félaginu í raun unnt að rifta nefndu samkomulagi og/eða beita ógildingarreglu samningaréttar um brostnar forsendur. Slíkt hefði þau réttaráhrif að samningsaðilar yrðu jafnt staddir og eins og fyrir

⁸ Nefndarálit 2. minnihluta efnahags- og viðskiptanefndar um frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum (tekjuöflunaraðgerðir, kjarasamningar, verðlagsbreytingar o.fl.). 141. Löggjafarþing 2012-2013. Þskj. 825. 468. mál.



samningsgerð, þ.e. Norðuráli getur krafist endurgreiðslu umsaminnar fyrirframgreiðslu tekjuskatts úr hendi íslenska ríkisins ásamt vöxtum.

2.3. Brot á öðrum ákvæðum fjárfestingarsamninga við Norðurái vegna álvers á Grundartanga og í Helguvík.

Í öðru lagi er bent á að framlenging raforkuskattsins felur einnig í sér brot á öðrum samningsskuldbindingum ríkisstjórnarinnar samkvæmt þegar gerðum fjárfestingarsamningum.

Í Grundartangasamningnum kemur fram í 3. mgr. 11. gr. að ekki skuli leggja á skatta eða gjöld á raforkunotkun eða raforkukaup félagsins nema slík gjöld eða skattar séu almennt lagðir á önnur fyrirtæki á Íslandi. Sambærileg ákvæði er að finna í 5. mgr. 7. gr. og 4. mgr. 9. gr. Helguvíkursamningsins. Samkvæmt þessu er óheimilt að mismuna Norðuráli hvað varðar álagningu raforkuskatts, þ.e. samkvæmt framangreindum ákvæðum þyrfti slíkur skattur að vera lagður á með almennum hætti á öll önnur fyrirtæki á Íslandi. Í þessu samhengi vill Norðurái benda á að járnblendiverksmiðjan í Hvalfirði, sem er stórnotandi raforku, virðist samkvæmt upplýsingum frá fjármála- og efnahagsráðuneyti í janúar 2013 ekki greiða raforkuskatt skv. lögum nr. 129/2009 um umhverfis og auðlindaskatta. Sama gildir um grænmetisframleiðendur, en í fjárlagafrumvarpi 2014 er með sama hætti og á árinu 2013 gerð ráð fyrir endurgreiðslu til þeirra vegna raforkuskatts. Þannig virðist raunin vera sú að raforkuskattur er ekki iagður á öll önnur fyrirtæki. Verði innheimtu hans áfram haldið mun álagning skatts á sölu á raforku og innheimta stangast á við framangreinda skuldbindingu ríkisstjórnarinnar.

Í 1. mgr. 16. gr. Grundartangasamningsins kemur fram að ríkisstjórnin muni gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja að stofnandinn og félagið njóti allra réttinda og hlunninda sem samningurinn veiti, og að engin ráðstöfun verði gerð sem gæti takmarkað eða á annan hátt haft neikvæð áhrif á framkvæmd verkefnisins og starfsemi félagsins og stofnandans. Sambærilegt ákvæði er að finna í 1. mgr. 14. gr. Helguvíkursamningsins. Önnur opinber gjöld hafa hækkað til muna á gildistíma samninganna. Nægir þar að nefna verulega hækkun tryggingargjalds frá 2008 og kostnaðarauka Norðuráls Grundartanga ehf. vegna þátttöku í viðskiptakerfi ESB um losunarheimildir frá og með 1. janúar 2013. Þátttaka í viðskiptakerfinu hefur leitt til frekari kostnaðar fyrir félagið, en fjöldi fyrirtækja sem selur ál á Evrópumarkaði, eins og Norðurál, er undanþeginn þessum kostnaði. Til viðbótar mun áframhaldandi innheimta sérstaks raforkuskatts, eins og fjárlagafrumvarpið fyrir 2014 gerir ráð fyrir, af augljósum ástæðum hafa enn frekari neikvæð áhrif á starfsemi Norðuráls. Verði sú fyrirhugaða innheimta raforkuskatts sem fjárlagafrumvarp 2014 gerir ráð fyrir að veruleika, er ljóst að enn þyngri skattbyrðar verði lagðar á félagið, þvert á nefndar skuldbindingar ríkisstjórnarinnar.

2.4. Raforkusamningar stórnotenda við orkufyrirtæki.

Að auki má geta þess að raforkusamningar stóriðjufyrirtækja, sem varða mikla hagsmuni, eru gerðir til langs tíma í senn. Slíkt er til þess að skapa fyrirsjáanleika og stöðugleika hvað varðar stórar fjárfestingar. Með skattlagningunni er grundvelli orkusamninganna raskað, enda leiðir innheimta raforkuskatts beinlínis til hækkunar á endanlegu raforkuverði. Hvað þetta varðar ber að hafa í huga að orkufyrirtæki landsins eru að langmestu leyti í eigu opinberra aðila.

2.5. Niðurlag.

Gerð fjárfestingarsamninga hefur, í tilviki Norðuráls, haft í för með sér styrkingu á íslensku atvinnulífi og verðmætaaukningu í íslenskum þjóðarbúskap. Þannig hafa fjárfestingarnar leitt til efnahagslegs og samfélagslegs ávinnings, jafnt til lengri og skemmri tíma. Samningarnir sjálfir hafa það að markmiði að vera til hagsbóta fyrir annars vegar stjórnvöld og íslenskt atvinnulíf og hins vegar fyrir Norðurál sem með slíkum samningum getur öðlast ákveðna vissu um sitt viðskiptaumhverfi. Með samkomulagi um fyrirframgreiðslu tekjuskatts og tímabundinn raforkuskatt til ársloka 2012, vildu stórnotendur raforku leggja sín lóð á vogarskálarnar og koma tímabundið til móts við ríkisstjórnina í erfiðu árferði. Komi áform núverandi ríkisstjórnar um áframhaldandi álagningu raforkuskatts til framkvæmda, felur það hins vegar í sér brot á skýrum samningssskuldbindingum hennar.

Ríkisstjórnarflokkarnir allt frá árinu 2009 lagst gegn áformum um frekari skattlagningu atvinnulífsins, þ. á m. áformum um raforkuskatt. Norðurál áréttar og gerir að sínum skoðanir fulltrúa Sjálfstæðisflokks í nefndaráliti 1. minnihluta efnahags- og skattanefndar um frumvarp til laga um umhverfis- og auðlindaskatt frá 17. desember 2009, þar sem sagði m.a. eftirfarandi um áform um álagningu raforkuskatts:

*„ ... ekki sé rétt við þær aðstæður sem nú eru í íslensku efnahagslífi að fara í aðgerðir og auknar áíögur sem dregið geta úr fjárfestingum í atvinnulífinu. Forsenda þess að hægt sé að vinna sig upp úr því ástandi sem hér ríkir er að fjárfestingar séu eflidar og þannig stutt við uppbyggingu atvinnulífsins. **Bæði framkvæmd skattlagningarinnar og tímasetning hennar eru illa ígrundaðar og geta dregið úr fjárfestingu hjá stórnotendum raforku. Erlendir fjárfestar líta til alls umhverfis fyrirtækja og skyndileg hækkun á gjöldum þvert á samninga kann að fæla þá til að velja Ísland til fjárfestinga. Ein meginforsenda þess að erlendir fjárfestarhorfi til Íslands er traust á stöðugu fjárfestingaumhverfi. Stjórnvöld draga með þessu frumvarpi úr þeim stöðugleika sem hér þarf að ríkja.**“*

Þá hefur ítrekað komið fram sá vilji nýrrar ríkisstjórnar að styðja við atvinnuuppbyggingu, og m.a. stuðla að því að uppbygging álvers í Helguvík geti orðið að veruleika. Norðurál hefur fagnað framangreindri afstöðu ríkisstjórnarinnar og telur brýnt að ríkisstjórnin beiti sér ötullega fyrir atvinnuuppbyggingu í landinu og framgangi verkefna í þá veru. Í því ljósi urðu forsvarsmenn Norðuráls jafnframt fyrir sérstökum vonbrigðum með núverandi áform í fjárlagafrumvarpi um áframhaldandi heimtu raforkuskatts til ársloka 2015.


Að öllu framangreindu virtu telur Norðurál brýnt að mál þetta verði skoðað sérstaklega og er það von forsvarsmanna félagsins að fyrirhuguð framlenging raforkuskatts samkvæmt fjárlagafrumvarpi ársins 2014 verði endurskoðuð. Afar mikilvægt er fyrir ímynd Íslands til framtíðar að stöðugleiki í rekstrarumhverfi fyrirtækja sé tryggður og að fjárfestar geti treyst því að gerðir samningar haldi.



Að öðrum kosti telur Norðurál einsýnt að félagið muni þurfa að skoða alvarlega lagalega stöðu sína gagnvart íslenska ríkinu og íhuga að leita réttar síns í samræmi við ákvæði fyrrgreindra fjárfestingarsamninga.

Virðingarfyllst,

F.h. Norðurálsfélaganna


Ágúst F. Hafberg

Viðhengt

1. Samkomulag ríkisstjórnar Íslands, Samtaka Atvinnulífsins og stóriðjufyrirtækja, þ. á m. Norðurál Grundartanga ehf. dags. 7. desember 2009.
2. Lög nr. 62/1997 um heimild til samninga um álbræðslu á Grundartanga.
3. Fjárfestingarsamningur vegna Norðuráls Grundartanga ehf. sbr. auglýsingu í B-deild stjórnartíðinda nr. 596/1997, auk síðari viðauka.
4. Lög nr. 51/2009 um heimild til samninga um álver í Helgúvík.
5. Fjárfestingarsamningur vegna Norðuráls Helgúvíkur ehf. sbr. auglýsingu í B-deild stjórnartíðinda nr. 732/2009.



Norðurál-Helguvík ehf.
Ragnar Guðmundsson, forstjóri
Stakksbraut 1
250 Garði

FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Arnarhvái 150 Reykjavík
sími: 545 9200 bréfasími: 562 8280
netfang: postur@fjr.stj.is
www.fjarmataraduneyti.is

Reykjavík 7. desember 2009
Tilv.: FJR09030036/535-3

Fjármálaráðuneytinu er kunnugt um óskir Century Aluminum um að álver í Helguvík verði undanþegið sérstökum raforkuskatti, sbr. frv. sem liggur fyrir Alþingi, á fyrsta starfsári álversins á árinu 2012.

Af hálfu fjármálaráðuneytisins er hér með lýst yfir jákvæðum vilja til þess að gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til umræddur raforkuskattur leggist ekki á raforkusölu til væntanlegs álvers í Helguvík á árinu 2012, enda sé við það miðað að regluleg starfsemi fyrirtækisins taki einvörðungu til hluta ársins og felist á því ári einkanlega í gangsetningu og prófunum á búnaði. Er til þess lítið að ekki er gert ráð fyrir fullri orkuafhendingu til lengri tíma fyrr en undir árslok 2012.

Fyrir hönd ráðherra



Guðmundur Arnason

Sameiginleg yfirlýsing
fjármálaráðherra og iðnaðarráðherra, annars vegar, og
Samtaka atvinnulífsins og stórnotenda á raforku, hins vegar, um
ráðstafanir til að mæta erfiðri stöðu ríkissjóðs og
til að stuðla að auknum fjárfestingum í atvinnulífinu

Fjármálaráðherra og iðnaðarráðherra, annars vegar, og Samtök atvinnulífsins og stórnotendur raforku, sem undirrita yfirlýsingu þessa, hins vegar, hafa orðið sammála um eftirtaldar ráðstafanir er hafa það að markmiði að stuðla að aukinni tekjuöflun ríkissjóðs á árunum 2010, 2011 og 2012, ásamt því að örva fjárfestingar hér á landi í því skyni að stuðla að atvinnusköpun og bættum hag þjóðarbúsins:


1. Vegna mikils samdráttar í efnahagslífinu og erfiðrar stöðu ríkissjóðs í kjölfar hans hefur það orðið að samkomulagi við nokkra af stærstu notendum raforku í landinu að þeir greiði fyrirfram árlega samtals kr. 1.200 milljónir á árunum 2010, 2011 og 2012 upp í væntanlega álagningu á tekjuskatti og öðrum opinberum gjöldum á árunum 2013-2018. Fyrirframgreiðslan skiptist milli aðila í hlutfalli við raforkunotkun. Fyrirframgreiðslan er bundin við uppgjörsmýnt þeirra fyrirtækja sem í hlut eiga.
2. Þetta fyrirkomulag, ásamt sköttum á raforku og kolefnislosun vegna fljótandi eldsneytis, sem lagðir verða á með sérstökum lögum, mun standa í 3 ár frá árinu 2010 að telja. Skattarnir eru tímabundnir og falla niður í lok árs 2012. Þess er að vænta að Ísland verði aðili að alþjóðlegu viðskiptakerfi með losun gróðurhúsalofttegunda er geti tekið gildi árið 2013 en ekki liggur fyrir hvernig það viðskiptakerfi verður útfært. Markmiðið er að slík skattheimta feli almennt ekki í sér lakari starfskilyrði fyrir fyrirtæki sem reka starfsemi sína hér á landi samanborið við önnur Evrópuríki og erlenda samkeppnisaðila á sama markaði.
3. Ríkisstjórnin mun leggja fram í upphafi vorþings 2010 frumvarp til laga um ívilnanir vegna fjárfestinga á Íslandi. Markmið þeirra laga verður að örva fjárfestingu í atvinnurekstri hér á landi og að tryggja markvissa beitingu hvata til fjárfestinga, innan þess ramma sem ákvæði EES samningsins setja.

Samkvæmt tilskipun Evrópusambandsins um skattlagningu raforku (*Council Directive 2003/96/EC of 27 October 2003 restructuring the Community framework for the taxation of energy products and electricity*) eru til staðar ákveðnar heimildir fyrir stjórnvöld til að


veita ívilnanir til fyrirtækja vegna fjárfestinga og annarra ráðstafana þeirra sem fela í sér orkusparnað eða minni losun gróðurhúsalofttegunda, þ.e. vegna umhverfisvænna fjárfestinga. Í tengslum við framangreint frumvarp munu stjórnvöld kanna kosti þess að nýta slík úrræði svo sem heimildir standa til þannig að þau megi nýtast fyrirtækjum sem starfa eða hyggjast starfa hér á landi.

Reykjavík 7. desember 2009.


Fjármálaráðherra



F.h. Samtaka atvinnulífsins




Iðnaðarráðherra




F.h. Alcoa á Íslandi ehf. og Reyðaráls ehf.




F.h. Elkem á Íslandi ehf.



F.h. Alcan á Íslandi hf.



F.h. Norðuráls Grundartanga ehf.



1997 nr. 62 27. maí**Lög um heimild til samninga um álbræðslu á Grundartanga**

Tóku gildi 30. maí 1997. Breytt með 1. 12/2000 (tóku gildi 28. apríl 2000), 1. 75/2002 (tóku gildi 17. maí 2002), 1. 85/2003 (tóku gildi 10. apríl 2003; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum 14. gr.), 1. 129/2004 (tóku gildi 31. des. 2005), 1. 69/2005 (tóku gildi 9. júní 2005), 1. 157/2006 (tóku gildi 30. des. 2006), 1. 151/2009 (tóku gildi 1. jan. 2010) og 1. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011).

■ 1. gr. Heimild.

□ [Ráðherra]¹⁾ er veitt heimild til að gera samninga fyrir hönd ríkisstjórnarinnar innan ramma þessara laga við hlutafélag og stofnanda þess (stofnandinn), en félagið verður stofnað samkvæmt íslenskum hlutafélagalögum og þessum lögum í þeim tilgangi að reisa og reka álbræðslu og tengd mannvirki á Íslandi (verkefnið). [Heimilt er að semja um að stækkun verksmiðjunnar fari fram af hálfu sjálfstæðs hlutafélags er verður í eigu sömu aðila og [Norðurl á ehf.]²⁾ [Ráðherra]¹⁾ er heimilt að semja um að aðrir hluthafar komi að slíku félagi. Það félag skal háð sömu réttindum og skyldum og [Norðurl á ehf.]²⁾ [Hlutafélaginu er heimilt að taka þátt í öðrum félögum eða með stofnun dótturfyrirtækja að fjárfesta í öðrum greinum atvinnurekstrar.]⁴⁾

□ Samningurinn skal kveða á um þær skuldbindingar af hálfu ríkisins, stofnandans og félagsins sem kunna að þykja nauðsynlegar og viðeigandi fyrir félagið og starfsemi þess, þar með talin framkvæmd á ákvæðum laga þessara. Í slíkum samningi skal ákveðið hversu lengi ákvæði hans skuli gilda og skulu þau eigi gilda skemur en í 20 ár frá stofnun félagsins.

□ Samningur sá, sem [ráðherra]¹⁾ undirritar fyrir hönd ríkisstjórnarinnar, samkvæmt lögum þessum, um meginatriði varðandi verkefnið, skal birtur í B-deild Stjórnartíðinda.⁵⁾

□ Félagið skal rekið í samræmi við íslensk lög og reglugerðir eins og nánar er kveðið á um í lögum þessum.

¹⁾ L. 126/2011, 242. gr. ²⁾ L. 157/2006, 1. gr. ³⁾ L. 85/2003, 1. gr. ⁴⁾ L. 75/2002, 1. gr. ⁵⁾ Augl. 596/1997. Augl. 830/2008.

■ 2. gr. Verkefnið.

□ Verkefnið, sem þessi lög heimila, felur í sér að félagið byggir verksmiðju á Grundartanga í Hvalfjarðarstrandarhreppi og Skilmannahreppi til framleiðslu á áli og aðstöðu sem tengist slíkri framleiðslu og skyldri starfsemi, þar með talin stækkun hafnarmannvirka eins og nánar verður um samið í samningi sem gerður verður innan ramma þessara laga milli [ráðherra]¹⁾ og félagsins og hafnarsamningi milli félagsins og hafnarsjóðs Grundartangahafnar. Álverið skal í upphafi hannað til framleiðslu á um það bil 60.000 tonnum af áli á ári með möguleikum á aukinni framleiðslugetu [í allt að 300.000 tonn af áli á ári].²⁾

¹⁾ L. 126/2011, 242. gr. ²⁾ L. 85/2003, 2. gr.

■ 3. gr. Verksmiðjulóðin.

□ Ríkisstjórninni er heimilt að láta flytja núverandi veg af fyrirhugaðri verksmiðjulóð, sbr. 2. gr., í samræmi við skipulag á svæðinu.

■ 4. gr. Ábyrgðir ríkisstjórnarinnar.

□ Í tengslum við framkvæmd verkefnisins skv. 2. gr. er ríkisstjórninni heimilt að tryggja efndir af hálfu hreppsnefnda Skilmanna- og Hvalfjarðarstrandarhreppa eins og þær eru ákveðnar í samningi, auk efnda hafnarsjóðs Grundartangahafnar eins og kveðið er á um í hafnarsamningi.

■ 5. gr. Undanþágur frá lögum.

□ Stofnandi (stofnendur) félagsins skv. 1. gr. skal teljast hæfur til að vera stofnandi slíks félags, án tillits til ákvæða

3. mgr. 3. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög. Fjöldi og búseta stofnenda og fjöldi hluthafa í félaginu skal vera óháður ákvæðum 2. mgr. 3. gr. og 1. mgr. 20. gr. nefndra laga. Félagið skal undanþegið ákvæðum 2. mgr. 66. gr. hlutafélagalaga, nr. 2/1995, um að meiri hluti stjórnarmanna skuli vera búsettur hér á landi.

□ Félagið skal undanþegið ákvæðum 4. tölul. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 19/1966, um eignarétt og afnotarétt fasteigna, sem setur að skilyrði að $\frac{1}{5}$ hlutfjár hlutafélags sé eign íslenskra ríkisborgara og að meiri hluti atkvæða á hluthafafundum sé í höndum íslenskra ríkisborgara og að allir stjórnendur séu íslenskir ríkisborgarar.

□ Félagið skal undanþegið ákvæðum laga nr. 48/1994, um brunatryggingar, eða ákvæðum síðari laga um sameiginlega skyldutryggingu húseigna, enda verði með öðrum hætti tryggilega séð fyrir brunatryggingum. Ákvæði laga nr. 55/1992, um Viðlagatryggingu Íslands, skulu ekki eiga við um félagið. Félagið skal viðhalda fullnægjandi viðlagatryggingu.

□ Hvalfjarðarstrandarhreppi og Skilmannahreppi er heimilt, þrátt fyrir ákvæði byggingarlaga, að stofna sjálfstæða, sameiginlega byggingarnefnd til þess að fjalla um öll byggingarmál álvers á Grundartanga, svo og allt byggingareftirlit meðan á framkvæmdum stendur. Byggingarnefndinni er heimilt að ráða sérstakan byggingarfulltrúa meðan á framkvæmdum stendur en að öðru leyti skal fara að ákvæðum byggingarlaga.

■ 6. gr. Skattlagning.

□ Félagið skal greiða skatta og önnur opinber gjöld, sem almennt eru á lögð hér á landi, eftir þeim reglum sem um þau gilda samkvæmt lögum á hverjum tíma, nema að því leyti sem á annan veg er mælt í lögum þessum:

1. [Þrátt fyrir breytingar, sem síðar kunna að verða á [lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt],¹⁾ skal félagið greiða 18% tekjuskatt með eftirfarandi sérákvæðum:

a. Ef tekjuskattshlutfall á félög með takmarkaðri ábyrgð, sbr. 1. tölul. 2. gr. [laga nr. 90/2003, um tekjuskatt],¹⁾ er lægra en 18% 1. október 2007 skal það hlutfall gilda um félagið. Verði tekjuskattshlutfallið hækkað að nýju skal það gilda um félagið en skal þó aldrei vera hærra en 18%.

b. ...²⁾

c. Varanlegir rekstrarfjármunir vegna byggingar verksmiðjunnar skulu teljast byggingar, vélar og tæki í ákveðnum hlutföllum sem samið verður um. Fastafjármunir, sem að öðru leyti er aflað vegna endurbóta á verksmiðjunni, skulu flokkaðir í samræmi við [33. og 37. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt].¹⁾ Fyrningu skal hagað í samræmi við 5. tölul. þessarar greinar.

d. Félaginu skal heimilt að draga frá skattskyldum tekjum á hverju ári eftirstöðvar rekstrartapa frá síðustu níu almanaksárum eins og nánar er kveðið á um í 8. tölul. 1. mgr. 31. gr. [laga nr. 90/2003, um tekjuskatt].¹⁾ Ef íslenskum fyrirtækjum verður heimilað að draga eftirstöðvar rekstrartapa fleiri ára frá skattskyldum tekjum fram til 1. október 2007 skal sama gilda um félagið. Verði árunum fækkað síðar skal það sama gilda um félagið, þó þannig að því skal ávallt heimilt að draga frá skattskyldum tekjum eftirstöðvar rekstrartapa síðustu níu almanaksára.

e. Félaginu skal óheimilt að draga frá skattskyldum tekjum á hverju ári og leggja í sérstakan innri fjárfestingarsjóð fjárhæð sem svarar til 4% af nafnverði hlutfjár. Fé í fjárfestingarsjóði sem notað er til fjárfestinga í varanlegum fastafjármunum innan sex ára skal talið til skattskyldra tekna félagsins á því ári sem fjárfesting á sér stað. Þá skal félaginu

heimilt að hraða afskriftum um þá fjárhæð sem tekin er úr fjárfestingarsjóði á því ári sem fjárfestingin á sér stað. Fé í fjárfestingarsjóði sem ekki hefur verið notað til fjárfestinga innan sex ára skal talið til skattskyldra tekna og skattlagt með skatthlutfalli því sem gildi þegar féð var lagt í fjárfestingarsjóðinn. Það sama skal gilda ef félaginu er slitið.]³⁾

2. ...¹⁾

3. Félagið skal vera undanþegið iðnlánasjóðsgjaldi samkvæmt lögum nr. 76/1987,⁴⁾ um Iðnlánasjóð, iðnaðarmálalagjaldi samkvæmt lögum nr. 134/1993, um iðnaðarmálalagjald, og markaðsgjaldi samkvæmt lögum nr. 114/1990, um Útflutningsráð Íslands, með áorðnum breytingum, sem og sköttum eða gjöldum sömu eða að verulegu leyti svipaðrar tegundar sem síðar kynnu að verða lögð á til viðbótar við eða í staðinn fyrir iðnlánasjóðsgjald, iðnaðarmálalagjald eða markaðsgjald.

4. Sérákvæði 1., 2. og 3. tölul. að framan skulu gilda fyrsta samningstímabilið (eins og það er skilgreint í samningnum) eða þar til kemur til fyrri uppsagnar á samningnum skv. 1. gr. Verði gerðar breytingar á [lögum um tekjuskatt]¹⁾ skal félagið eiga rétt á að sérákvæði verði endurskoðuð í þeim tilgangi að tryggja að ekki séu lagðir á félagið þyngri skattar en ef það væri skattlagt samkvæmt lögnum, án hinna áður nefndu sérstöku ákvæða.

5. Á því ári þegar nýjar eignir eru teknar í notkun getur félagið valið að fyrna þær í hlutfalli við notkun á árinu í stað fullrar árlegrar fyrningar skv. [34. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt].¹⁾ Þrátt fyrir ákvæði [35. og 42. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt],¹⁾ skal félaginu heimilt að fyrna eignir sínar að fullu.

6. Í stað fasteignaskatts skv. II. kaffa laga nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga, með áorðnum breytingum, og sérstaks fasteignaskatts á fasteignir, sem nýttar eru til verslunarreksturs eða skrifstofuhalds, samkvæmt bráðabirgðaákvæði sömu laga, sem og sköttum eða gjöldum sömu eða að verulegu leyti svipaðrar tegundar sem síðar kynnu að verða lögð á til viðbótar við eða í staðinn fyrir fasteignaskatt, skal félagið greiða Hvalfjarðarstrandarhreppi og Skilmannahreppi fasteignaskatt sem skal vera 0,75% af 2.393 millj. kr., sem er áætlað verðmæti bygginga, athafnasvæðis og mannvirkja sem þarf til um 60 þús. lesta álframléiðslu á ári, miðað við byggingarvísitölu 1. desember 1996 (217,8 stig). [Þá skal félagið greiða Hvalfjarðarstrandarhreppi og Skilmannahreppi fasteignaskatt sem skal vera 0,75% af 826.444 þús. kr., sem er áætlað verðmæti bygginga sem þarf til aukinnar álframléiðslu um 30 þús. lestin, miðað við byggingarvísitölu 1. desember 1999 (236,6 stig).]⁵⁾ [Þá skal félagið greiða Hvalfjarðarstrandarhreppi og Skilmannahreppi fasteignaskatt sem skal vera 0,75% af 6.219 millj. kr., sem er áætlað verðmæti bygginga sem þarf til aukinnar álframléiðslu um 130 þús. lestin, miðað við byggingarvísitölu í desember 2004 (304,8). Þá skal félagið greiða Hvalfjarðarstrandarhreppi og Skilmannahreppi fasteignaskatt sem skal vera 0,75% af 1.007 millj. kr., sem er áætlað verðmæti bygginga sem þarf til aukinnar álframléiðslu um 40 þús. lestin, miðað við byggingarvísitölu í desember 2004 (304,8).]⁶⁾ Fasteignaskattur skal lagður á og innheimtur fyrir sérhvert ár á grundvelli álagningarstofnsins svo sem hann er framreiknaður samkvæmt byggingarvísitölu desembermánaðar næstliðins árs. Hann skal lagður á í fyrsta sinn 1. janúar næsta ár eftir gangsetningu álbræðslunnar. [Fasteignaskattur skv. 2. málsl. skal lagður á í fyrsta sinn 1. janúar næsta ár eftir að framleiðslugetan er komin í 90 þús.

lesta álframléiðslu á ári.]⁵⁾ [Fasteignaskattur skv. 3. málsl. skal lagður á í fyrsta sinn 1. janúar næsta ár eftir að framleiðslugetan er komin í u.þ.b. [220 þús. lesta]⁶⁾ álframléiðslu á ári. Fasteignaskattur skv. 4. málsl. skal lagður á í fyrsta sinn 1. janúar næsta ár eftir að framleiðslugetan er komin í u.þ.b. [260 þús. lesta]⁶⁾ álframléiðslu á ári.]³⁾

7. Stimpilgjöld skulu, þegar þeirra yrði krafist í samræmi við lög nr. 36/1978, um stimpilgjald, vera 0,15% af kaup- eða leigusamningum sem útgefnir eru eða gerðir af hálfu félagsins og af fjárfestingarlánnum sem félagið kann að taka í sambandi við byggingu bræðslunnar og hafnarbúnaðar, sem og af öllum stimpilskyldum skjölum sem nauðsynleg eru í sambandi við stofnun félagsins. Lán, sem tekin eru í stað fjárfestingarlána, sem og hlutabréf í félaginu, skulu undanþegin stimpilgjaldi.

8. Með samningum, sem gerðir verða innan ramma laga þessara, má ákveða að félagið skuli greiða umsamda fjárhæð til Hvalfjarðarstrandarhrepps og Skilmannahrepps í stað byggingarleyfisgjalds samkvæmt lögum nr. 54/1978⁷⁾ og gatnagerðargjalds samkvæmt lögum nr. 17/1996, um gatnagerðargjald, og umsamda fjárhæð til ríkissjóðs í stað skipulagsgjalda samkvæmt lögum nr. 19/1964.⁷⁾

9. Samningar, sem gerðir eru samkvæmt lögum þessum, mega kveða á um meginreglur um endurskoðun skattlagningar félagsins þannig að heildarskattbyrði þess á Íslandi haldist óbreytt.

[10. Félagið skal undanþegið ákvæðum 1. og 4. tölul. 1. mgr. 14. gr. laga nr. 146/1996, um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga.

11. Hafnarsjóði Grundartangahafnar er heimilt að gera sérstakan samning um vörugjöld með öðrum hætti en fram kemur í hafnalögum, nr. 23/1994, með síðari breytingum, sbr. hafnarreglugerð og hafnagjaldskrá sem settar eru á grundvelli þeirra.]³⁾

[12. Félagið skal undanþegið breytingum sem kunna að verða á ákvæðum um frádrátt vaxtakostnaðar í lögum um tekjuskatt eftir undirritun samninga skv. 1. gr.]²⁾

□ [Í fjárfestingarsamningi er heimilt að kveða á um að skattar eða gjöld verði ekki lögð á raforkunotkun félagsins og útblástur lofttegunda eða aðra losun úrgangsefna, nema slíkir skattar og gjöld séu lögð með almennum hætti á öll önnur fyrirtæki hér á landi, þar með talin ál fyrirtæki.]³⁾

□ Almenn ákvæði íslenskra laga um tekjuskatt, virðisaukaskatt og gjöld sem sveitarfélög leggja á og í gildi eru á hverjum tíma og verða skattframtal, framtalsfrest, álagningu, endurskoðun, endurálagningu, innheimtu, gjalddaga og greiðslu, sem og aðrar uppgjörsreglur varðandi tekjuskatt, virðisaukaskatt og gjöld sem sveitarfélög leggja á, auk andmæla og ágreinings í tengslum við þau, skulu gilda um félagið.

□ Á fyrsta samningstímabilinu getur félagið valið að almenn ákvæði íslenskra skattalaga, eins og þau eru á hverjum tíma, gildi um það. Beiðni um slíka breytingu skal gerð með skriflegri tilkynningu sem lögð skal fram eigi síðar en 1. júní árið áður en breytingarnar eiga að taka gildi. Slík breyting á fyrirkomulagi skatta getur fyrst átt sér stað árið 2000 en á hverju ári þar eftir.

¹⁾ L. 129/2004, 122. gr. ²⁾ L. 157/2006, 2. gr. ³⁾ L. 85/2003, 3. gr. ⁴⁾ Felld úr gildi með l. 60/1997. ⁵⁾ L. 12/2000, 1. gr. ⁶⁾ L. 69/2005, 1. gr. ⁷⁾ Nú l. 73/1997.

■ 7. gr. Reikningsskilareglur.

□ Með samningum, sem gerðir eru samkvæmt lögum þessum, má ákveða sérstakar reikningsskilareglur fyrir félagið sem grundvallaðar eru á íslenskum lögum með þeim skýring-

um og breytingum sem taldar eru viðeigandi varðandi félagið. Í þessum reikningsskilareglum er heimilt að hafa ákvæði þar sem félaginu er heimilað að skrá allar færslur og gefa út fjárhagsyfirlit í Bandaríkjadöllum, í samræmi við almennt viðurkenndar reikningsskilareglur sem gefnar eru út af alþjóðlega reikningsskilaráðinu. Slikt ákvæði má fela í sér undanþágu frá [12. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt],¹⁾ og öðrum ákvæðum laga sem ekki eru í samræmi við slíkt fyrirkomulag.

¹⁾ L. 129/2004, 123. gr.

■ **8. gr. Lögsaga og lausn deilumála.**

□ Uppbygging, túlkun og framkvæmd samninga, sem gerðir verða innan ramma þessara laga, skulu lúta lögsögu íslenskra laga. Heimilt skal að vísa ágreiningi til gerðardóms ef aðilar eru því samþykkir.

■ **9. gr. [Innflutningur.]¹⁾**

□ Innflutningur og kaup félagsins eða einhvers fyrir þess hönd hérlandis, á byggingarefnum, vélum og tækjum og öðrum fjárfestingarvörum og varahlutum fyrir verksmiðjuna og tengd mannvirki, svo og til reksturs þeirra, skal vera undanþeginn tollum og vörugjöldum samkvæmt lögum nr. 97/1987, með áorðnum breytingum. Með samningum, sem gerðir eru innan ramma laga þessara, er heimilt að fella niður eða endurgreiða tolla og vörugjöld á vöru og þjónustu sem keypt er innan lands vegna byggingar bræðslunnar.

¹⁾ L. 157/2006, 3. gr.

■ **10. gr. Framsal.**

□ Heimilt er að semja um framsal félagsins á samningnum.

■ **11. gr. Gildistaka.**

□ Lög þessi öðlast þegar gildi.

■ **[Ákvæði til bráðabirgða.** Með vísan til 1. mgr. 6. gr. er heimilt að gera viðauka við fjárfestingarsamninginn um fyrirframgreiðslu félagsins á opinberum gjöldum á árunum 2010, 2011 og 2012 sem hér segir:

□ Þrátt fyrir ákvæði 112. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, er [ráðherra er fer með tekjuöflun ríkisins]¹⁾ heimilt að kveða sérstaklega á um í reglugerð²⁾ að félagið skuli greiða fyrir fram í þremur jöfnum greiðslum á árunum 2010, 2011 og 2012 upp í væntanlega álagningu á tekjuskatti og öðrum opinberum gjöldum á árunum 2013–2018. Af ástæðum er varða útreikning skal fjárhæð fyrirframgreiðslunnar taka mið af hlutfallslegri raforkunotkun félagsins eftir því sem kveðið verður nánar á um í fjárfestingarsamningnum.

□ Ef uppgjörsmýnt félagsins er önnur en íslenskar krónur skal umreikna fyrirframgreiðsluna miðað við gengi uppgjörsmýntar félagsins á greiðsludegi. Þannig reiknuð fjárhæð í erlendri mynt skal ganga á móti álagningu á tekjuskatti og öðrum opinberum gjöldum félagsins, umreiknuð í íslenskar krónur á álagningardegi, á árunum 2013–2018. Fyrirframgreiðsla hvers árs sem slík tekur þannig engum öðrum breytingum en leiðir af gengisþróun frá greiðsludegi þar til hún gengur á móti álögðum opinberum gjöldum.

□ Í reglugerðinni skal nánar kveðið á um greiðsludagsetningar, uppgjör fyrirframgreiðslu við álagningu, endurgreiðslu o.fl.]³⁾

¹⁾ L. 126/2011, 242. gr. ²⁾ Rg. 1018/2010, sbr. 1055/2010. ³⁾ L. 151/2009, 3. gr.

AUGLÝSING

um þriðja viðauka við fjárfestingarsamning milli ríkisstjórnar Íslands og Century Aluminum Company og Norðuráls Grundartanga ehf.

Hinn 14. júlí 2008 var undirritaður þriðji viðauki við fjárfestingarsamning milli ríkisstjórnar Íslands og Century Aluminum Company og Norðuráls Grundartanga ehf. um álbræðslu á Grundartanga.

Samkvæmt 3. mgr. 1. gr. laga nr. 62/1997 um heimild til samninga um álbræðslu á Grundartanga, með síðari breytingum og 1. mgr. 15. gr. framangreinds fjárfestingarsamnings skal samningurinn birtur í B-deild Stjórnartíðinda á íslensku og ensku og er hann fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Iðnaðarráðuneytinu, 18. ágúst 2008.

Össur Skarphéðinsson.

Guðrún Þorleifsdóttir.

Fylgiskjal.

ÞRIÐJI VIÐAUKI
við fjárfestingarsamninginn frá
7. ágúst 1997 milli ríkisstjórnar Íslands
og Century Aluminum Company og
Norðuráls Grundartanga ehf.

RÍKISSTJÓRN ÍSLANDS, (hér nefnd „ríkisstjórnin“) sem iðnaðarráðherra, Arnarhvoli, 150 Reykjavík, kemur fram fyrir, í fyrsta lagi,

og

CENTURY ALUMINUM COMPANY, (hér nefnt „Century“), sem er fyrirtæki stofnað og starfrækt samkvæmt lögum Delaware ríkis í Bandaríkjunum Norður-Ameríku og hefur höfuðstöðvar sínar að 2511 Garden Road, Building A, Suite 200, Monterey, Kaliforníu, í öðru lagi,

og

NORÐURÁL GRUNDARTANGI EHF., (hér nefnt „félagið“), sem er

THIRD AMENDMENT to the investment agreement of 7. august 1997 among the Government of Iceland and Century Aluminum Company and Norðurál Grundartangi ehf.

THE GOVERNMENT OF ICELAND, (hereinafter the “Government”) represented by its Minister of Industry, Energy and Tourism, Arnarhvoli, 150 Reykjavík, Iceland, of First Part,

and

CENTURY ALUMINUM COMPANY, (hereinafter referred to as “Century”), a company organized and operated under the laws of the State of Delaware, United States of America, whose principal offices are located at 2511 Garden Road, Building A, Suite 200, United States of America, of Second Part,

and

NORÐURÁL GRUNDARTANGI EHF., a private limited company (hereinafter

einkahlutafélag stofnað skv. íslenskum lögum og hefur starfsstöð sína að Grundartanga, 301 Akranesi, í þriðja lagi,

referred to as the “Company”), organized under the laws of Iceland having its principal offices at Grundartangi, 301 Akranes, Iceland, of the Third Part, (hereinafter the three above parties jointly referred to as the “Parties”),

hafa hinn 14. júlí 2008 gert með sér þennan samning, sem er

have the 14th day of July 2008 entered into this

ÞRIÐJI VIÐAUKASAMNINGUR VIÐ FJÁRFESTINGARSAMNINGINN FRÁ 7. ÁGÚST 1997

THIRD AMENDMENT TO THE INVESTMENT AGREEMENT OF 7 AUGUST 1997

MEÐ ÞVÍ AÐ Alþingi hefur með lögum nr. 157/2006, sem samþykkt voru hinn 9. desember 2006 gert breytingar á lögum nr. 62/1997, um heimild til samninga um álbræðslu á Grundartanga, með síðari breytingum;

WHEREAS by the Act of the Althing No. 157/2006, which was approved on December 9, 2006, certain amendments were made to the Act No. 62/1997, as amended, which authorized the Government to enter into agreement for establishment of a new aluminum smelter at Grundartangi.

MEÐ ÞVÍ AÐ á hluthafafundi sem haldinn var í Norðuráli ehf. hinn 1. júní 2007 var nafni félagsins breytt í Norðurál Grundartangi ehf.;

WHEREAS at shareholders’ meeting in Norðurál ehf., held on June 1, 2007, it was decided to change the name of the company to Norðurál Grundartangi ehf.

MEÐ ÞVÍ AÐ félögin Nordural Holdings I ehf. og Nordural Holdings II ehf. voru hinn 31. desember 2005 sameinuð í eitt félag sem frá og með 1. júní 2007 ber nafnið Norðurál ehf. og er það félag eigandi að öllu hlutafé í félaginu og Century er eigandi að öllu hlutafé í Norðuráli ehf.;

WHEREAS the companies Nordural Holdings I ehf. and Nordural Holdings II ehf. were on December 31, 2005, merged into one company under the name Norðurál ehf., effective as of June 1, 2007. The new company Norðurál ehf. is the sole owner of the shares in the Company and Century is the sole owner of the shares in Norðurál ehf.

HAFNA ÞVÍ aðilar komið sér saman um eftirfarandi nauðsynlegar breytingar á fjárfestingarsamningnum á grundvelli 1. mgr. 22. gr. þess samnings:

NOW THEREFORE, the parties hereby agree to make the following necessary changes to the Investment Agreement in accordance with Section 22.1. of Article 22 of the said Investment Agreement:

1. gr.

Heiti samnings og skilgreiningar.

Article 1

Title of this Agreement and Definitions used therein

1.1. Samningur þessi heitir þriðji viðauka-

Section 1.1. This Agreement shall be

samningur við fjárfestingarsamninginn.

known as the Third Amendment to the Investment Agreement.

- 1.2. Ef samhengi krefst ekki annars skulu allar skilgreiningar og hugtök í 1. gr. upphaflegs samnings og breytingar sem gerðar hafa verið með fyrsta viðaukasamningi frá 14. júní 2000 og með öðrum viðaukasamningi frá 9. febrúar 2005 hafa þá merkingu sem þeim er gefin í samningum þessum.

Section 1.2. Unless the context otherwise requires, the terms used in this Agreement shall have the same meanings assigned to them in Article 1 of the original Agreement and in amendments which have been made by the First Amendment dated June 14, 2000 and the Second Amendment dated February 9, 2005.

2. gr.

Skattar til ríkissjóðs.

- 2.1. Við grein 7.1. bætist nýr staflíður (e) svohljóðandi:

„(e) Félagið er undanþegið breytingum sem kunna að verða á ákvæðum um frádrátt vaxtakostnaðar í lögum um tekjuskatt eftir undirskrift þessa samnings.“

Article 2

Government Taxes

Section 2.1. Article 7 (Section 7.1) of the Investment Agreement shall be amended and a new subsection (Section e) added reading as follows:

“(e) After the signing of this Agreement the Company is exempted from changes that may occur on provisions regarding deduction of interest costs in the Act on Income Tax.”

- 2.2. Grein 7.7. fellur brott.

Section 2.2. Article 7 (Section 7.7) is hereby revoked.

3. gr.

Innflutnings- og útflutningsgjöld.

- 3.1. Fyrirsögn 10. greinar samningsins orðast svo: Innflutningsgjöld.

Article 3

Custom Duties on Imports and Exports

Section 3.1. The headline of Article 10 reads as follows: Import duties

- 3.2. 3. mgr. 10. gr. samningsins orðast svo:

Innflutningur eða innkaup innanlands af hálfu eða fyrir hönd félagsins á hráefni og aðföngum til framleiðslu, sem nauðsynleg eru til reksturs bræðslunnar og hafnarmannvirkjanna (svo sem þau eru skilgreind í hafnar-samningnum) skulu ekki bera vörugjöld eða íslensk innflutningsgjöld.

Section 3.2. Section 10.3. is hereby amended as follows:

“The importation or domestic purchases by or on behalf of the Company of raw materials and production supplies which are required for the operation of the Smelter and Harbour Installations (as defined in the Harbour Agreement) shall not be subject to any excise duties or Icelandic customs duties on imports.”

4. gr.

Gildi og staða samnings þessa.

4.1. Samningur þessi öðlast gildi við undirritun hans og lokafrágang af hálfu aðila samnings þessa og fjárfestingarsamningsins.

4.2. Samningur þessi er gerður sem viðaukasamningur við fjárfestingarsamninginn samkvæmt ákvæðum 22. gr. og skal talinn óaðskiljanlegur hluti af fjárfestingarsamningnum (með áorðnum breytingum) svo sem hann væri felldur inn í meginmál hans.

4.3. Samningur þessi skal undirritaður í þremur eintökum, eitt eintak fyrir hvern aðila. Sérhvert eintak telst frumeintak og jafngilt hinum eintökunum.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hefur þriðji viðaukasamningurinn við fjárfestingarsamninginn verið undirritaður fyrir hönd ríkisstjórnarinnar, Century Aluminum Company og Norðurál Grundartanga ehf., þann 14. júlí 2008.

Fyrir hönd RÍKISSTJÓRNAR ÍSLANDS:

Össur Skarphéðinsson.

Fyrir hönd CENTURY ALUMINUM
COMPANY:

Ragnar Guðmundsson.

Fyrir hönd NORÐURÁLS
GRUNDARTANGA EHF.:

Ragnar Guðmundsson.

Article 4

Effectiveness and status of this Agreement

Section 4.1. Upon the signing of this agreement by the Parties hereto, and upon final completion this Agreement shall become effective.

Section 4.2. This Agreement is made as supplemental agreement to the Investment Agreement pursuant to the provisions of Article 22 thereof and shall be deemed to be an integral part of the Investment Agreement (as previously amended) as fully as if it were incorporated therein.

Section 4.3. This Agreement shall be signed in three copies, one for each Party. Each and every copy shall be considered original and equal to the other copies.

IN WITNESS WHEREOF, this Third Amendment to the Investment Agreement has been signed on behalf of the Government, Century Aluminum Company and Norðurál Grundartangi ehf. effective 14 July, 2008.

For the GOVERNMENT OF ICELAND:

Össur Skarphéðinsson

For the CENTURY ALUMINUM
COMPANY:

Ragnar Guðmundsson

For the NORÐURÁL GRUNDARTANGI
EHF.:

Ragnar Guðmundsson

FJÁRFESTINGARSAMNINGUR

MILLI

RÍKISSTJÓRNAR ÍSLANDS

OG

COLUMBIA VENTURES CORPORATION

OG

NORÐURÁLS HF

EFNISYFIRLIT

Formáli	3
1. grein	Skilgreiningar og túlkun.....	4
2. grein	Uppbygging, tilgangur og undanþágur	6
3. grein	Framsal hlutabréfa.....	6
4. grein	Starfsemi	7
5. grein	Umhverfismál	7
6. grein	Meginreglur skattlagningar	8
7. grein	Skattar til ríkissjóðs	8
8. grein	Fasteignaskattar og gatnagerðagjald.....	10
9. grein	Byggingarleyfisgjald.....	10
10. grein	Innflutnings- og útflutningsgjöld	10
11. grein	Aðrir skattar og gjöld.....	11
12. grein	Reikningsskilareglur.....	11
13. grein	Endurskoðun skattafyrirkomulags	12
14. grein	Þjónusta sveitarfélaganna	12
15. grein	Staða samninganna að lögum	12
16. grein	Fyrirheit af hálfu ríkisstjórnarinnar.....	12
17. grein	Lög sem gilda og deilumál	12
18. grein	Óviðráðanleg öfl	14
19. grein	Samningstími	15
20. grein	Gildir textar	15
21. grein	Framsal.....	15
22. grein	Breytingar og endurskoðun.....	16
23. grein	Tilkynningar	16
24. grein	Ýmis ákvæði.....	17
Viðauki A	19

Fjárfestingarsamningur

milli

Ríkisstjórnar Íslands

og

Columbia Ventures Corporation

og

Norðuráls hf.

FJÁRFESTINGARSAMNINGUR gerður hinn 7. dag ágústmánaðar 1997

milli

RÍKISSTJÓRNAR ÍSLANDS, sem iðnaðarráðherra kemur fram fyrir, í fyrsta lagi,

COLUMBIA VENTURES CORPORATION (hér á eftir nefnt "Columbia"), sem er fyrirtæki stofnað og starfrækt samkvæmt lögum Oregonríkis í Bandaríkjunum Norður-Ameríku og hefur höfuðstöðvar sínar að 1220 Main Street, Suite 200, Vancouver, Washington 98660, Bandaríkjunum Norður Ameríku, í öðru lagi

og

Norðurál hf (hér á eftir nefnt "félagið" eða "Norðurál hf."), sem er hlutafélag stofnað samkvæmt íslenskum lögum og hefur starfsstöð sína að Grundartanga í Hvalfjarðarstrandarhreppi í Borgarfjarðarsýslu á Íslandi, í þriðja lagi.

MEÐ ÞVÍ AÐ ríkisstjórnin (svo sem hún er síðar skilgreind) hefur áhuga á að hvetja til stofnunar orkufreks iðnaðar á Íslandi, sem nýtir vatns- og jarðvarmaorku landsins og auka þar með fjölbreytni í efnahagslífi landsins;

MEÐ ÞVÍ AÐ Alþingi hefur með heimildarlögum (svo sem þau eru síðar skilgreind) heimilað byggingu nýrrar álbræðslu á Íslandi, sett tilteknar reglur og veitt Columbia og félaginu tilteknar undanþágur varðandi stofnun og starfsemi bræðslunnar og heimilað ríkisstjórninni að gera samning þar sem nánar er kveðið á um skilmála slíkrar stofnunar svo og frekari skilmála og undanþágur er við eiga um byggingu og starfrækslu slíkrar bræðslu;

MEÐ ÞVÍ AÐ félagið var stofnað hinn 28. febrúar, 1997, af Columbia Ventures Corporation í þeim tilgangi að byggja og starfrækja bræðslu á Grundartanga í Skilmannahreppi og Hvalfjarðarstrandarhreppi í Borgarfjarðarsýslu á Íslandi til þess að framleiða ál í samræmi við skilmála og skilyrði, m.a. verkefnasamningana (svo sem þeir eru skilgreindir hér á eftir), og hafa með höndum slíka framleiðslu og skylda starfsemi, með það fyrir augum að hefja framleiðslu árið 1998;

Fjárfestingarsamningur

MEÐ ÞVÍ AÐ Landsvirkjun (svo sem hún er skilgreind hér á eftir) er reiðubúin að láta í té það rafmagn sem nauðsynlegt er til þess að starfrækja bræðsluna og nauðsynlegan búnað við höfnina;

MEÐ ÞVÍ AÐ ríkissjóður (svo sem hann er skilgreindur hér á eftir) hefur látið í té lóð undir álbræðsluna;

MEÐ ÞVÍ AÐ Hafnarsjóðurinn (svo sem hann er skilgreindur hér á eftir) er reiðubúinn að tryggja Norðuráli hf. nauðsynlegan aðgang að höfninni við Grundartanga og hafnarmannvirkjum;

Hafa ÞVÍ ríkisstjórnin, Columbia og félagið (hér á eftir sameiginlega nefndir “aðili” hvert um sig en “aðilar” sameiginlega) gert með sér eftirfarandi samning:

1. gr.

Skilgreiningar og túlkun

1.1 Alls staðar þar sem þau koma fyrir í samningi þessum, skulu eftirfarin heiti hafa þá merkingu sem tilgreind er hér á eftir:

- a) “Ríkisstjórnin” merkir ríkisstjórn lýðveldisins Íslands ásamt öllum ráðuneytum hennar og stofnunum.
- b) “Stofnandi” merkir Columbia Ventures Corporation, sem er félag stofnað og starfrækt samkvæmt lögum Oregonríkis í Bandaríkjunum Norður-Ameríku.
- c) “Ríkissjóður” merkir ríkissjóð Íslands.
- d) “Landsvirkjun” merkir Landsvirkjun, sem er sjálfstætt fyrirtæki stofnað og starfrækt samkvæmt lögum frá Alþingi nr. 42/1983 með höfuðstöðvar í Reykjavík á Íslandi.
- e) “Sveitarfélögin” merkir Skilmannahrepp og Hvalfjarðarstrandarhrepp.
- f) “Hafnarsjóðurinn” merkir hafnarsjóð Grundartangahafnar, sem er sjálfstæður opinber sjóður stofnaður árið 1975 í sameiginlegri eigu Hvalfjarðarstrandarhrepps, Innri-Akranesshrepps, Leirár- og Melahrepps, Skilmannahrepps, Akranesbæjar og allra annarra hreppa Borgarfjarðarsýslu og Mýrarsýslu en þeirra sem hér að framan er getið, en héraðsnefndir koma fram fyrir þá.
- g) “Heimildarlögin” merkir lög frá Alþingi nr. 62 frá 27. maí 1997, sem getið er um í formálanum að samningi þessum.
- h) “Fjárfestingarsamningurinn” eða “samningurinn” merkir samning þennan.
- i) “Lóðarsamningurinn” merkir samninginn dagsettan 20. mars 1997, eins og honum hefur verið breytt með viðbótarsamningi dagsettum 7. ágúst 1997, milli Norðuráls hf. og ríkissjóðs þar sem kveðið er á um lóð undir bræðsluna.
- j) “Hafnarsamningurinn” merkir samninginn milli hafnarsjóðs Grundartangahafnar og Norðuráls, þar sem tryggður er aðgangur hins síðarnefnda að höfninni.
- k) “Rafmagnssamningurinn” merkir samninginn milli Landsvirkjunar og Norðuráls hf. þar sem kveðið er á um afhendingu rafmagns til bræðslunnar og mannvirkja hennar á hafnarsvæðinu.

- l) "Verkefnissamningarnir" merkir þennan samning, hafnarsamninginn, lóðarsamninginn og rafmagnssamninginn.
- m) "Bræðslan" merkir álbræðsluna og öll mannvirki er tilheyra verksmiðjunni, sem ætlunin er að Norðurál hf. byggi, eigi og reki á Grundartanga í Skilmannahreppi og Hvalfjarðarstrandarhreppi í Borgarfjarðarsýslu á Íslandi í þeirri mynd og með þeim búnaði sem hún er búin hverju sinni með upphaflegri árlegri framleiðslugetu u.þ.b. 60.000 smálestir af áli og hugsanlegum síðari stækkunum.
- n) "Bræðslulóð" merkir landsvæði á Klafastöðum og Katanesi (Vestra-Katanesi) þar sem bræðslan verður staðsett svo sem frekar er skilgreint á kortinu af bræðslulóðinni.
- o) "Kortið af bræðslulóðinni" merkir kort ásamt skýringum og lóðarmörkum, sem fylgir lóðarsamningnum og sýnir afstöðu bræðslunnar og hafnarinnar ásamt lóðarmörkum bræðslulóðarinnar og hafnarsvæðisins.
- p) "Höfnin" merkir höfnina og tilheyrandi mannvirki, sem liggja að bræðslunni á Grundartanga og starfrækt eru af hafnarsjóðnum.
- q) "Hafnarsvæðið" merkir höfnina og landsvæðið á Grundartanga þar sem hafnarmannvirkin (svo sem þau eru skilgreind í hafnarsamningnum) verða staðsett svo sem nánar er skilgreint í hafnarsamningnum og merkt er inn með gulu á kortið af bræðslulóðinni.
- r) "Verkefnið" merkir skipulagningu, hönnun, byggingu, útbúnað, töku í notkun, starfrækslu og viðhald bræðslunnar.
- s) "Starfsleyfi" merkri leyfi sem Norðuráli hf. verður veitt samkvæmt lögum er gilda um umhverfiseftirlit að því er varðar starfrækslu bræðslunnar og hafnarmannvirkjanna og hvers kyns endurnýjun eða framlengingu þess.
- t) "Upphaflegur gildistími" hefur þá merkingu sem fram kemur í 2. mgr. 19. gr.

1.2 Krefjist samhengið ekki annars, gildir eftirfarandi í samningi þessum:

- a) Fyrirsagnir eru einungis til hagræðis og hafa ekki áhrif á túlkun samningsins;
- b) eintala jafngildir fleirtölu og öfugt;
- c) tilvísun til persónu tekur til fyrirtækis, sameignarfélags, sjóðs, sameiginlegs fyrirtækis, samtaka, félags, eða annarar lögpersónu og hvers kyns opinbers yfirvalds eða stofnunar;
- d) tilvísun til greinar, málsgreinar eða viðauka er tilvísun til viðkomandi greinar, málsgreinar eða viðauka við samning þennan;
- e) tilvísun til skjals tekur til breytinga eða viðbóta við skjalið, annars skjals er kemur í þess stað þess eða endurnýjunar skjalsins, en tekur ekki til breytinga eða viðbóta við skjalið, annars skjals er kemur í þess stað eða endurnýjunar skjalsins sem á sér stað í andstöðu við samning þennan; og
- f) tilvísun til aðila að skjali tekur einnig til aðila sem við tekur af honum og heimilaðra framsalshafa og afsalshafa.

2. gr.**Uppbygging, tilgangur og undanþágur**

2.1 Stofnandinn hefur skráð félagið sem hlutafélag á Íslandi samkvæmt íslenskum lögum svo sem frekar er kveðið á um í heimildarlögunum, lögum nr. 2/1995 um hlutafélög og svo sem gert er ráð fyrir í samningi þessum.

2.2 Tilgangur félagsins skal vera að framkvæma verkefnið á Grundartanga til framleiðslu á áli með rafgreiningu súrúls eða með endurbreðslu áls og að hafa með höndum slíka framleiðslu og skylda starfsemi.

2.3 Stofnandi félagsins skal vera fullgildur sem stofnandi slíks félags þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. 3. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Fjöldi og heimilisfesti stofnenda og fjöldi hluthafa í félaginu skal ekki háður ákvæðum 2. mgr. 3. gr. og 1. mgr. 20 gr. nefndra laga. Félagið skal undanþegið ákvæðum 2. mgr. 66. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög, þar sem kveðið er á um að meirihluti stjórnarmanna í hlutafélagi skuli búsettur á Íslandi.

2.4 Félagið skal undanþegið ákvæðum 4. tl. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 19/1966 um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, þar sem krafist er að 4/5 hlutfjár hlutafélags séu í eigu íslenskra ríkisborgara og að íslenskir ríkisborgarar fari með meirihluta atkvæða á hluthafafundum og að allir stjórnarmenn séu íslenskir ríkisborgarar.

2.5 Félagið skal undanþegið ákvæðum laga nr. 48/1994 um brunatryggingar eða síðari ákvæðum laga um sameiginlega skyldutryggingu húseigna, enda kaupir félagið brunatryggingar svo sem eðlilegt er og venjulegt í áliðnaðinum vegna hráálsverksmiðja. Ákvæði laga nr. 55/1992 um viðlagatryggingu skulu ekki eiga við um félagið, enda hafi félagið gilda viðlagatryggingu svo sem eðlilegt er og venjulegt í áliðnaðinum eða í tryggingum vegna hráálsverksmiðja.

2.6 Ríkisstjórnin mun tryggja að leyfi verði gefin út til félagsins samkvæmt 2. málsg. 4. gr. samnings þessa og að undanþágur samkvæmt 3.-5. málsg. 2. gr. verði veittar í samræmi við viðeigandi lög. Slík leyfi og undanþágur skulu háð stjórnsýslu- og lagakröfum er varða fullnægingu á skilmálum þeirra og er heimilt að grípa til afturköllunar eða annarra aðgerða verði brotið gegn skilyrðum þeirra eða þau ekki virt.

3. gr.**Framsal hlutabréfa**

3.1 Samþykki ríkisstjórnarinnar er áskilið fyrir framsali hlutabréfa í Norðuráli hf. þar til framleiðsla er hafin í bræðslunni. Ekki skal synja um slíkt leyfi eða draga það að ástæðulausu og ekki þarf slíkt leyfi þegar um er að ræða a) framsal til dótturfyrirtækis stofnanda, sem skráð er í ríki innan OECD eða b) veðsetningu allra eða einhverra slíkra hlutabréfa í því skyni að tryggja lán sem Norðurál hf tekur til að auðvelda því að framkvæma verkefnið eða sölu á slíkum hlutabréfum samkvæmt slíkri veðsetningu til félags eða félaga sem skráð eru í ríki innan OECD.

Framsal minnihlutaeignar, sem ekki er umfram 49%, má hins vegar eiga sér stað til félaga sem skráð eru í ríkjum innan OECD.

3.2 Ef ekki er um annað samið milli aðila, er hluthöfum Norðuráls hf. heimilt, eftir að framleiðsla er hafin, að framselja, að fullu eða að hluta, hlutabréf í félaginu til annars félags sem er, beint eða óbeint, í eigu félags sem skráð er í ríki innan OECD.

Upplýsa ber ríkisstjórnina með að minnsta kosti fjögurra vikna fyrirvara um slíkt framsal eða útgáfu og skulu ríkisstjórninni látnar í té upplýsingar um stöðu slíks félags studdar ársreikningum síðustu tveggja ára.

3.3 Nú kemur til framsals á hlutabréfum í Norðuráli hf. og slíkt framsal eða útgáfa er í samræmi við skilmála og ákvæði 1. og 2. mgr. 3 gr. þessa samnings, og skal þá félagið, sem fékk hlutabréfin framseld eða gefin út á sig, verða aðili að þessum samningi á grundvelli útgáfunnar eða framsalsins og skal staðfesta það með því að gefa út og afhenda ríkisstjórninni skriflega yfirlýsingu á því formi sem ríkisstjórnin getur fallist á, þar sem félagið, sem eignaðist hlutabréfin, samþykkir alla skilmála og ákvæði þessa samnings og skuldbindur sig til að hlíta þeim í einu og öllu.

4. gr.

Starfsemi

4.1 Félagið skal ráðast í verkefnið í samræmi við skilmála og skuldbindingar í rafmagnssamningnum, lóðarsamningnum og hafnarsamningnum með það fyrir augum að hefja framleiðslu árið 1998.

4.2 Samhliða undirritun samnings þessa, skal ríkisstjórnin sjá um að veitt verði og gefið út til félagsins

- a) iðnaðarleyfi er staðfestir rétt félagsins til þess að ráðast í verkefnið
- b) verslunarleyfi er stöðfestir rétt félagsins til að stunda þá starfsemi sem lýst er í samningi þessum.

4.3 Reynist nauðsynlegt fyrir félagið að fá frá ríkisstjórninni frekari samþykki eða leyfi, sem ekki er þörf á þann dag sem samningur þessi er undirritaður, skal ríkisstjórnin svo fljótt sem unnt er gera það sem í hennar valdi stendur til að aðstoða félagið við að fá slíkt samþykki eða leyfi.

4.4 Ríkisstjórnin skal á hverjum tíma, þegar félagið fer fram á slíkt, gera það sem í hennar valdi stendur til þess að aðstoða félagið við að fá þau atvinnuleyfi sem nauðsynleg kunna að vera vegna starfsmanna eða verktaka félagsins.

4.5 Félagið skal leitast við að tryggja að starfsemi þess stuðli að þróun vísinda- og tækniþekkingar á Íslandi, þar með, eftir því sem við á og við verður komið, með því að hafa og þróa á Íslandi nýsköpunarhæfni sína, enda tengist slík viðleitni og samrýmist rekstri bræðslunnar og öðrum ákvæðum þessa samnings.

5. gr.

Umhverfismál

5.1 Bræðslan skal rekin í samræmi við starfsleyfi, sem gefið er út til félagsins af umhverfisráðherra skv. lögum nr. 81/1988 og reglugerð nr. 48/1994, þar sem fjallað er

um öll atriði er varða bræðsluna svo og starfsemi við höfnina er tengjast bræðslunni og varða fermingu og affermingu, umhverfisreglur og eftirlit.

6. gr.

Meginreglur skattlagningar

6.1 Félagið skal greiða skatta og önnur opinber gjöld sem almennt eru lögð á á Íslandi samkvæmt þeim reglum sem gilda um slík gjöld á grundvelli laga hverju sinni, nema um annað sé kveðið í samningi þessum.

7. gr.

Skattar til ríkissjóðs

7.1 Þrátt fyrir breytingar, sem kunna að verða á lögum nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt, með áorðnum breytingum, skal félagið greiða 33% tekjuskatt með eftirfarandi sérákvæðum:

- a) Ákvæði 8. tl. 1. mgr. 31. gr. laga nr. 75/1981, sem heimila 7% frádrátt af nafnvirði hlutafjár frá skattskyldum tekjum, skulu ekki eiga við.
- b) Þrátt fyrir 7. tl. 1. mgr. 3. gr. og 2. tl. 1. mgr. 71. gr. laga nr. 75/1981 og 2. mgr. 3. gr. laga nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatta, skal skattur ekki lagður á eða haldið eftir af arði, sem greiddur er til hluthafa er hafa búsetu í ríki innan OECD, enda uppfylli hluthafinn kröfur i. og ii. tl. b-liðar 2. mgr. 12. gr. milliríkjasamnings Bandaríkja Norður Ameríku og Lýðveldisins Íslands nr. 22/1975, sem birtur er í Stjórnartíðindum.
- c) Varanlegir rekstrarfjármunir, sem varða byggingu bræðslunnar, skulu teljast byggingar og vélar og búnaður í föstum hlutföllum, svo sem frekar er lýst í viðauka A við samning þennan. Varanlegir rekstrarfjármunir, sem félagið eignast með öðrum hætti í því skyni að viðhalda eða bæta bræðsluna, skulu flokkaðir í samræmi við 32. og 38. gr. laga nr. 75/1981. Fyrning skal ákvörðuð með þeim hætti sem kveðið er á um í 5. mgr. 7. gr. samnings þessa.
- d) Félaginu skal heimilt að draga frá skattskyldum tekjum á hverju ári eftirstöðvar rekstrartapa frá síðustu átta almanaksárum, svo sem frekar er kveðið á um í 7. tl. 1. mgr. 31. gr. laga nr. 75/1981.
- e) Félaginu skal heimilt að draga frá skattskyldum tekjum á hverju ári og færa á sérstakan fjárfestingarreikning fjárhæð er nemur 4% af nafnvirði hlutafjár. Fé á reikningnum, sem notað er til fjárfestingar í fyrnanlegum eignum innan sex ára frá því að það var fært á reikninginn, skal bætt við skattskyldar tekjur félagsins á árinu sem fjárfestingin á sér stað. Á sama ári skal félaginu heimilt að flýta fyrningu eignanna um sömu upphæð og notuð var af fjárfestingarreikningnum.

Fé af hinum sérstaka fjárfestingarreikningi, sem ekki hefur verið notað til fjárfestingar, hefur ekki hefur verið jafnað á móti rekstrartapi innan fyrrnefndra tímamarka, skal bætt við skattskyldar tekjur og það skattlagt með því skattahlutfalli sem gildi þegar það var fært á fjárfestingarreikninginn. Hið sama skal eiga við ef félagið er leyst upp.

7.2 Félagið skal undanþegið eignarskatti samkvæmt 1. mgr. 84. gr. laga nr. 75/1981 og sérstökum eignarskatti skv. 3. gr. laga nr. 83/1989.

7.3 Félagið skal undanþegið Iðnlánasjóðsgjaldi skv. lögum nr. 76/1987, um Iðnlánasjóð, og iðnaðarmálagjaldi skv. lögum nr. 134/1993, um iðnaðarmálagjald, og markaðsgjaldi skv. lögum nr. 114/1990, um Útflutningsráð Íslands, með áorðnum breytingum, svo og öðrum eins eða efnislega svipuðum sköttum eða gjöldum er kunna að verða lögð á til viðbótar við eða í staðinn fyrir Iðnlánasjóðsgjald, iðnaðarmálagjald og markaðsgjald.

7.4 Ákvæði 1.-3. mgr. 7. gr. hér að framan skulu gilda út upphaflega gildistímamann eða til sammingsloka, sem áður kunna að verða, þrátt fyrir breytingar sem síðar kunna að verða á lögum nr. 75/1981. Ef til þess kemur að lögunum er breytt, skal félaginu heimilt að krefjast endurskoðunar á hinum sérstöku ákvæðum í því skyni að tryggja að félagið beri ekki þyngri skattbyrði en ef það væri skattlagt samkvæmt lögunum án tillits til hinna sérstöku ákvæða hér að framan.

7.5 Á því ári sem nýjar eignir eru teknar í notkun, getur félagið valið að fyrna þær eignir með hlutfalli árlegrar fyrningar í stað heils árs fyrningar eins og annars er kveðið á um í 33. gr. laga nr. 75/1981. Þrátt fyrir ákvæði 34. og 45. gr. laga nr. 75/1981 er félaginu heimilt að fyrna eignir sínar þannig að ekki standi eftir niðurlagsverð.

7.6 Félaginu er heimilt að færa bókhald sitt í Bandaríkjadölum svo sem lýst er í 12. gr. sammings þessa. Gengið skal vera opinbert gengi Bandaríkjadals gagnvart íslenskri krónu eins og það er birt af Seðlabanka Íslands. Í því skyni að reikna út skattskyldan ágóða félagsins, eins og hann ákvarðast skv. 1. mgr. 7. gr., skulu ársreikningar umreiknaðir úr Bandaríkjadölum í íslenskrar krónur og tekur þá eftirfarandi gildi:

- a) Allar tekjur og gjöld á árinu skulu umreiknuð í íslenskar krónur á grundvelli daggengis eftir því sem við á.
- b) Fyrningar skulu reiknaðar á grundvelli meðalmánaðargengis.
- c) Eignir og skuldir og eigið fé skal umreiknað í íslenskar krónur á gengi 31. desember viðkomandi árs.
- d) Hvers kyns endurmati á einstökum liðum í íslenskum krónum vegna breytinga á gengi bandaríkjadals gagnvart íslenskri krónu, sem afleiðing þess að ársreikningar eru umreiknaðir úr bandaríkjadölum í íslenskar krónur samkvæmt liðum (a), (b) og (c), skal bætt við eða dregið frá eigin fé og engin áhrif hafa á skattskyldar tekjur.

Þar sem allar færslur eru tengdar Bandaríkjadal skulu verðlagsbreytingar skv. lögum nr. 75/1981 ekki lengur eiga við og félagið skal því við útreikning hreinna skattskyldra tekna skv. lögum nr. 75/1981 undanþegið 36. og 53. gr. laga nr. 75/1981 og öðrum ákvæðum laga sem samrýmast ekki slíkri tilhögun.

8. gr.**Fasteignaskattar og gatnagerðagjald**

8.1 Félagið skal greiða sveitarfélögunum 0,75% fasteignaskatt, sem sveitarfélögin leggja á allar byggingar, húsnæði og mannvirki sem félagið á eða leigir.

8.2 Álagningarstofn slíkra bygginga, húsnæðis og mannvirkja, svo sem gert er ráð fyrir að þau verði miðað við 60.000 smálesta upphaflega framleiðslugetu þann dag sem starfræksla bræðslunnar hefst, skal, að því er varðar fasteignaskatt, reiknast vera 2.393.000.000 íslenskar krónur (sem jafngildir 35.706.000 Bandaríkjadöllum), miðað við meðalgengi íslenskrar krónu gagnvart Bandaríkjadal í desember 1996 og tengt byggingavísitölu á Íslandi í desember 1996. Fasteignaskattur skal lagður á og innheimtur fyrir sérhvert ár á grundvelli fyrrgreinds álagningarstofns svo sem hann er framreiknaður samkvæmt byggingarvísitölu desembermánaðar fyrra árs.

8.3 Fasteignaskatturinn skal aðeins lagður á frá 1. janúar árið eftir gangsetningu bræðslunnar.

8.4 Fasteignaskatturinn, sem félagið greiðir skv. 1.-3. mgr. 8. gr., skal koma í stað fasteignaskatts skv. II. kafla laga nr. 4/1995, með áorðum breytingum, um tekjustofna sveitarfélaga, og sérstaks skatts á fasteignir, sem nýttar eru til skrifstofuhalds eða verslunarreksturs samkvæmt ákvæðum til bráðabirgða í sömu lögum, og hvers kyns sams konar eða efnislega svipaðra skatta sem kynnu síðar að vera lagðir á í staðinn fyrir fasteignaskattinn. Fasteignaskatturinn skal lagður á og innheimtur á sama hátt og fasteignaskatturinn skv. II. kafla laga nr. 4/1995, eftir því sem við á í sveitarfélögunum.

8.5 Norðurál hf. skal ekki greiða gatnagerðargjöld skv. lögum nr. 17/1996 til sveitarfélaganna vegna upphafsframleiðslugetu, sem er u.þ.b. 60.000 smálestir, né heldur nokkurn annan skatt eða gjald sem kynni að vera sett á í stað þeirra.

9. gr.**Byggingarleyfisgjald**

9.1 Sveitarfélögin munu veita félaginu byggingarleyfi til byggingar bræðslunnar og tilheyrandi mannvirkja samkvæmt byggingarlögum nr. 54/1978.

9.2 Almennt skipulag bræðslunnar og tilheyrandi mannvirkja skal koma fram í umsókninni um byggingarleyfi og skal það samrýmast byggingarreglugerðum sem við eiga um stór iðnaðarmannvirki.

9.3 Félagið skal greiða byggingarleyfisgjald vegna upphafsframleiðslugetu, sem er u.þ.b. 60.000 smálestir, að jafngildi 100.000 Bandaríkjadala, eigi síðar en 30 dögum eftir að umsóknin er lögð inn af félaginu skv. byggingalögum nr. 54/1978.

10. gr.**Innflutnings- og útflutningsgjöld**

10.1 Innflutningur eða innkaup innanlands af hálfu eða fyrir hönd félagsins á byggingarefnum, vélum og búnaði og öðrum fastafjármunum og varahlutum í verksmiðjuna og á tilheyrandi mannvirkjum og rekstur þeirra skulu undanþegin íslenskum inn- og útflutningsgjöldum og vörugjöldum samkvæmt lögum nr. 97/1987,

Fjárfestingarsamningur

með áorðnum breytingum, sem og sams konar eða efnislega svipuðum sköttum eða gjöldum er kynnu síðar að verða lögð á til viðbótar við eða í staðinn fyrir ofangreind gjöld. Með samningum, sem gerðir eru innan ramma nefndra laga, er heimilt að veita undanþágu frá eða endurgreiða tolla og vörugjöld á vörum og þjónustu sem keypt er innanlands vegna byggingar bræðslunnar.

10.2 Félaginu verður veittur frestur til greiðslu á virðisaukaskatti á innflutning (tollkrit) skv. lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, fram að gjalddaga fyrir endurgreiðslu vegna viðkomandi uppgjörstimabils. Með sama hætti skal veittur greiðslufrestur á virðisaukaskatti vegna kaupa á rafmagni.

10.3 Innflutningur eða innkaup innanlands af hálfu eða fyrir hönd félagsins á hráefni og aðföngum til framleiðslu, sem nauðsynleg eru til reksturs bræðslunnar og hafnarmannvirkjanna (svo sem þau eru skilgreind í hafnarsamningnum), svo og útflutningur framleiðsluvöru og nýttira efna frá félaginu skulu ekki bera vörugjöld eða íslensk inn- eða útflutningsgjöld.

11. gr.

Aðrir skattar og gjöld

11.1 Stimpilgjöld, sem greiða bæri skv. lögum nr. 36/1978, um stimpilgjöld, skulu vera 0,15% af öllum stimpilgjaldsskyldum skjölum, sem félagið gefur út eða stofnað er til í tengslum við byggingu og rekstur bræðslunnar. Öll skjöl, er lúta að endurfjármögnun, svo og hlutabréf í félaginu skulu undanþegin stimpilgjöldum og hvers kyns sams konar eða efnislega svipuðum sköttum eða gjöldum er kynnu síðar að vera lögð á til viðbótar við eða í staðinn fyrir slík gjöld.

11.2 Félagið skal, þrátt fyrir 35. gr. skipulagslaga nr. 19/1964, með áorðnum breytingum, greiða skipulagsgjald, sem nemur 30.000 Bandaríkjadöllum, vegna u.þ.b. 60.000 smálesta upphafsframleiðslugetu.

12. gr.

Reikningsskilareglur

12.1 Ársreikningar félagsins, settir fram í Bandaríkjadöllum, skulu gerðir á grundvelli reikningsskilareglna, sem gefnar eru út af Alþjóðlegu endurskoðunarstaðlanefndinni, að því leyti sem þær ganga ekki gegn lögum á Evrópska efnahagssvæðinu sem gilda um félög af sömu stærð og eðli og félagið.

12.2 Félaginu er heimilt að skrá öll viðskipti sín og gefa út ársreikninga sína í Bandaríkjadöllum, svo sem nánar er kveðið á um í þessari 12. grein og 6. mgr. 7. gr. samnings þessa.

12.3 Almenn ákvæði íslenskra tekjuskattslaga, virðisaukaskattslaga og laga um tekjustofna sveitarfélaga, sem í gildi eru hverju sinni, um skattframtöi og skilafrest þeirra, álagningu, yfirferð, endurálagningu, innheimtu, gjalddaga og greiðslu og aðra málsmeðferð er varðar uppgjör tekjuskatts, virðisaukaskatt og skatta til sveitarfélaga svo og um kærur og ágreining, sem kann að rísa vegna þeirra, skulu eiga við um félagið nema að því leyti sem kveðið er á um í samningi þessum.

13. gr.**Endurskoðun skattafyrirkomulags**

13.1 Á upphaflegum gildistíma þessa samnings má félagið velja þann kost að lúta almennum íslenskum skattalögum, sem í gildi eru hverju sinni. Beiðni um slíka breytingu skal lögð fram skriflega eigi síðar en 1. júní þess almanaksárs sem fer á undan því almanaksári sem breytingin á að taka gildi. Fyrsta almanaksárið, sem slík breyting getur átt sér stað, er almanaksárið 2000 eða hvaða almanksár sem er eftir það. Berist slík beiðni, skulu aðilar þegar ganga til samninga um breytinguna yfir í hið almenna skattakerfi. Aðilar skulu koma sér saman um aðferðir við framkvæmd breytingarinnar yfir í hið almenna skattkerfi. Eftir það skal félagið lúta almennum íslenskum skattalögum það sem eftir er af gildisstíma þessa samnings.

14. gr.**Þjónusta sveitarfélaganna**

14.1 Þar sem sveitarfélögin veita félaginu undanþágu frá sköttum og gjöldum skv. 8. og 9. gr. þessa samnings, takast sveitarfélögin ekki á hendur neina þjónustu við félagið nema með gagnkvæmu samkomulagi milli sveitarfélaganna og félagsins.

15. gr.**Staða samninganna að lögum**

15.1 Samningur þessi skal birtur í heild sinni í B-deild Stjórnartíðinda á íslensku og ensku til upplýsingar strax eftir undirritun hans af hálfu aðila. Birting samningsins skal þó eigi vera skilyrði fyrir gildistöku hans. Hið sama skal eiga við um hverjar þær breytingar sem aðilar kunna síðar að gera á samningnum í samræmi við ákvæði hans.

15.2 Samhliða undirritun þessa samnings gerir félagið eftirtalda samninga við viðeigandi aðila:

- a) Rafmagnssamninginn
- b) Hafnarsamninginn

16. gr.**Fyrirheit af hálfu ríkisstjórnarinnar**

16.1 Ríkisstjórnin skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja að stofnandinn og félagið njóti allra réttinda og hlunninda, sem samningur þessi veitir, og að engin ráðstöfun verði gerð er gæti takmarkað eða á annan hátt haft neikvæð áhrif á framkvæmd verkefnisins og starfsemi félagsins og stofnandans.

16.2 Með undirritun samnings þessa ábyrgist ríkisstjórnin efndir á skuldbindingum sveitarfélaganna og hafnarsjóðsins samkvæmt hafnarsamningnum. Ríkisstjórnin samþykkir einnig skilyrðislaust að greiða Norðuráli hf., þegar þess er krafist, hverja þá fjárhæð og allar fjárhæðir á hverjum tíma sem hafnarsjóðinum ber að greiða Norðuráli hf. í tengslum við eða samkvæmt 5. mgr. 3. gr. hafnarsamningsins.

17. gr.**Lög sem gilda og deilumál**

17.1 Um samning þennan og túlkun hans skal fara samkvæmt íslenskum lögum. Sé ekki kveðið á um annað í samningi þessum skulu íslensk lög og reglugerðir gilda.

17.2 Sérhver deila, krafa eða ágreiningur sem upp kann að rísa vegna eða í sambandi við samning þennan, þ.m.t. hvers kyns spurningar er kunna að rísa varðandi tilvist hans, gildi eða lok (“deila”), skal heyra alfarið undir lögsögu íslenskra dómstóla nema einhver aðili kjósi heldur að leggja deiluna í gerð skv. 3. mgr. 17. gr. hér á eftir og tilkynni hinum aðilunum skriflega um það. Ef einn eða fleiri aðilar höfða mál fyrir dómstólum (“málshöfðandi”) vegna deilu og einhver annar aðili (“gagnaðilinn”) vill fremur leggja deiluna í gerð, skal gagnaðilinn tilkynna málshöfðanda um það skriflega inna 30 daga frá því að honum berst stefna. Strax og honum hefur borist tilkynning skal málshöfðandi falla frá málshöfðun og skal þá deilan leyst með gerð.

17.3 Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 17. gr. hér að framan, má hver aðili sem er vísa sérhverri deilu til Gerðardómsstofnunar Verslunarráðsins í Stokkhólmi og leysa úr henni samkvæmt reglum þeirrar stofnunar svo sem þær eru í gildi við dagsetningu samnings þessa, en reglur þessar teljast á grundvelli tilvísunar í þær hluti af þessari 3. mgr. 17. gr. nema öðru vísi sé kveðið á í þessari málsgrein. Gerðardómurinn skal skipaður þremur gerðardómsmönnum og skal einn skipaður af málshöfðanda eða málshöfðendum, annar af gagnaðila eða gagnaðilum og hinn þriðji, sem skal vera formaður, skal skipaður sameiginlega af þeim tveimur gerðardómsmönnum sem skipaðir eru af aðilum. Séu málshöfðendur fleiri en einn og/eða gagnaðilar fleiri en einn, skulu málshöfðendur sameiginlega skipa einn gerðardómsmann og/eða gagnaðilar skulu sameiginlega skipa einn gerðardómsmann. Ef málshöfðandi og/eða gagnaðili skipar ekki gerðardómsmann sinn í kröfu sinni og svari (svörum) skal hinn aðili gerðardómsmálsins eiga rétt á að leita til Gerðardómsstofnunar Verslunarráðsins í Stokkhólmi um að skipa viðkomandi gerðardómsmann. Ef gerðardómsmennirnir tveir, sem skipaðir eru af aðilum, geta ekki komið sér saman um þriðja gerðardómsmanninn skal hann skipaður af Gerðardómsstofnun Verslunarráðsins í Stokkhólmi ef einhver aðila fer fram á það. Þriðji gerðardómsmaðurinn, hvernig sem hann er skipaður, skal ekki vera af sama þjóðerni og einhver aðili að þessum samningi, né af sama þjóðerni og Columbia Ventures Corporation, né heldur af sama þjóðerni og einhver síðari hluthafi í Norðuráli hf. nema aðilar samþykki. Gerðardómsmenn skulu fullnægja hæfisskilyrðum 6. gr. laga um samningsbundna gerðardóma nr. 53/1989. Gerðardómsmeðferð skal eiga sér stað í Reykjavík og fara fram á ensku.

17.4 Nú fellur gerðardómsmaður frá, sem upphaflega var skipaður af annað hvort málshöfðanda eða gagnaðila, eða hann verður óstarfhæfur, og skal þá gerðardómsmaður skipaður í hans stað af þeim aðila sem upphaflega skipaði hann. Ef aðilinn, sem upphaflega skipaði hann, skipar ekki gerðardómsmann í hans stað innan eðlilegs tíma skal hinn aðilinn að gerðardómnum eiga rétt á að leita til Gerðardómsstofnunar Verslunarráðsins í Stokkhólmi um að skipa staðgengil. Nú fellur þriðji gerðardómsmaðurinn frá eða verður óstarfhæfur og skal þá gerðardómsmaður skipaður í hans stað af Gerðardómsstofnun Verslunarráðsins í Stokkhólmi ef gerðardómsmennirnir tveir, sem skipaðir voru af aðilum, geta ekki komið sér saman um staðgengil.

17.5 Aðilar skuldbinda sig hér með, að því er varðar gerðardómsmeðferð sem hafin er skv. 3. mgr. 17. gr. þessa samnings, að framkvæma niðurstöðu gerðardómsins án tafar og afsala sér hvers kyns rétti til þess að áfrýja nokkru álitamáli um staðreyndir málsins eða lagaatriði að því marki sem hægt er að afsala sér slíkum rétti svo að gilt sé. Aðilar samþykkja að úrskurðir, sem kveðnir eru upp varðandi gerðardómsmeðferð sem hafin er skv. 3. mgr. 17. gr., séu endanlegir og bindandi fyrir aðila frá þeim degi sem þeir eru kveðnir upp, enda megi jafnan framfylgja úrskurðum gerðardómsins með aðgerðum

dómstóla eða þar til bærri yfirvalda. Aðilar skulu áfram efna skyldur sínar samkvæmt samningi þessum, hvað sem líður deilum er kunna að vera óleystar þeirra í milli.

17.6 Sérhver aðila samþykkir almennt hvers kyns réttarúræði eða birtingu stefnu eða réttarheimildar í tengslum við málshöfðun gegn sér. Sérhver aðili afsalar sér hér með óafturkallanlega, að því marki sem lög heimila í lögsögu þeirri þar sem málshöfðun kann að eiga sér stað eða þar sem dómi eða gerðardómsúrskurði kann að vera framfylgt, að því er varðar hann sjálfan, tekjur hans og eignir (án tillits til notkunar þeirra eða áætlaðrar notkunar), allri friðhelgi á grundvelli fullveldis eða á öðrum svipuðum grundvelli að því er varðar:

- i. birtingu stefnu eða réttarheimildar eða annarra skjala er varða málshöfðun og hvers kyns friðhelgi frá lögsögu, málssókn eða dómsuppkvaðningu;
- ii. lögsögu einhvers dómstóls þar sem leitað er fullnustu;
- iii. lausn með lögbanni, skipun um efndir *in natura*, eða endurheimt eigna;
- iv. löghaldi á eignum; og
- v. framkvæmd eða fullnustu hvers kyns dóms eða gerðardómsúrskurðar sem hann, tekjur hans eða eignir gætu annars þurft að þola.

Sérhver aðili samþykkir óafturkallanlega, að því marki sem hann getur svo framkvæmanlegt sé, að hann muni ekki krefjast slíkrar friðhelgi.

18. gr.

Óviðráðanleg öfl

18.1 Í samningi þessum eru óviðráðanleg öfl skilgreind þannig að þau taki til ófriðar (hvort sem um stríðsýfirlýsingu er að ræða eða ekki), styrjaldaraðgerða, hersetu, byltinga, uppreisna, borgarastyrjalda, óeirða, uppþota, fjöldauppnáms, múgæsinga, sjóránsaðgerða, skemmdarverka, geislavirkni, farsóttu, sprenginga, eldsvoða, jarðskjálfta, eldgosa, storma, flóðbylgja, flóða, mikillar ísingar, þurrka, eldinga, sóttkvía, flutningsbanna, almennrar stöðvunar á flutningum eða siglingum eða hvers kyns ámóta atvika, sem ekki er unnt að koma í veg fyrir eða hafa stjórn á með eðlilegum ráðum af hálfu þess aðila sem fyrir verður, og í þessu tilliti skulu óviðráðanleg öfl einnig taka til allherjarverkfalla, staðbundinna verkfalla, viðskiptabanna, verkanna eða ámóta vinnutruflana á Íslandi sem aðili sá, er fyrir slíku verður, hefði ekki getað komið í veg fyrir eða haft stjórn á þótt hann hefði beitt öllum eðlilegum ráðum, sem honum voru tiltæk, en eingöngu um þann tíma, sem aðilanum var ókleift að binda enda á ástandið með öllum raunhæfum ráðum sem honum voru tiltæk.

18.2 Eigi skal misbrestur eða aðgerðarleysi af hálfu aðilanna um að efna nokkra skuldbindingu sína samkvæmt þessum samningi teljast vanefnd á slíkri skuldbindingu, ef og að því leyti, sem slíkur misbrestur eða aðgerðarleysi er af völdum óviðráðanlegra afla.

18.3 Sá aðili sem bera vill fyrir sig óviðráðanleg öfl samkvæmt þessari grein skal hafa sönnunarbyrði um tilvist slíkra óviðráðanlegra afla. Misbrestur eða aðgerðarleysi skal, að því er þessa grein varðar, því aðeins teljast vera af völdum óviðráðanlegra afla að sá aðili, sem hlut á að slíkum misbresti eða aðgerðarleysi, sanni að (a) að misbrestur hans eða aðgerðarleysi sé bein afleiðing af óviðráðanlegum öflum eins og þau eru skilgreind í 1. mgr.

18. gr. hér að framan, og (b) að hann hafi sýnt hæfilega aðgæslu og gripið til allra annarra ráða, sem eðlileg mega teljast, til að forðast slíkan misbrest eða aðgerðarleysi.

18.4 Sérhver aðili skal tafarlaust tilkynna hinum aðilunum um óviðráðanleg öfl, sem valda misbresti eða aðgerðarleysi um að efna eigin skuldbindingar hans samkvæmt samningi þessum. Jafnframt skal sá aðili gera allar raunhæfar ráðstafanir til að minnka áhrif af misbresti eða aðgerðarleysi að efna eigin skuldbindingar að fullu. Sá aðili sem ber fyrir sig óviðráðanlegum öflum skal tilkynna hinum aðilanum þegar viðkomandi aðstæðum af völdum óviðráðanlegra afla er lokið og gera allar raunhæfar ráðstafanir, sem í hans valdi standa, til að hefjast handa um að efna að nýju skuldbindingar sínar samkvæmt samningi þessum með sem minnstum mögulegum töfum.

18.5 Gildistími samnings þessa skal framlengjast um tímabil er jafngildir þeim tíma sem aðstæður af völdum óviðráðanlegra afla vörðu.

19. gr.

Samningstími

19.1 6., 7., 8., 9., 10., 11., 12., 13. og 14. gr. samnings þessa skulu, frá þeim degi sem rafmagnssamningurinn öðlast gildi, teljast hafa tekið gildi afturvirkir frá þeim degi sem Norðurál. hf. var skráð. Önnur ákvæði þessa samnings skulu taka gildi þann dag sem rafmagnssamningurinn tekur gildi.

19.2 Samningur þessi skal, ef hann tekur gildi, haldast í gildi frá þeim tíma til 31. október 2018 (“upphaflegur gildisstími”), sbr. þó 5. mgr. 18. gr., og skal hann þá falla úr gildi án uppsagnar. Innan 17 ára frá undirritunardegi skulu aðilar þó hafa lokið viðræðum varðandi framlengingu samnings þessa um eigi minna en tíu (10) ára skeið frá ofangreindum lokadegi hans með skilmálum sem aðilar geta sameiginlega felld sig við.

19.3 Verði rafmagnssamningurinn af einhverjum ástæðum felldur úr gildi áður en upphaflegur gildistími hans rennur út, skal Norðurál. hf. eiga þess kost hvenær sem er að segja samningi þessum upp með skriflegri tilkynningu til hinna aðilanna um uppsögnina.

20. gr.

Gildir textar

20.1 Opinber tungumál samnings þessa skulu vera íslenska og enska og skulu bæði jafngild. Ef ósamræmi eða misræmi reynist milli hins íslenska og enska texta skal tekið mið af því að samningaviðræður fóru fram á ensku.

21. gr.

Framsal

21.1 Réttindi og skyldur samkvæmt samningi þessum skal enginn aðili geta framselt, afsalað eða falið öðrum án samþykkis hinna aðilanna, sbr. þó 2. mgr. 21. gr. Eigi skal synjað um slíkt samþykki eða draga það að ástæðulausu.

21.2 Þrátt fyrir 1. mgr. 21. gr. er félaginu heimilt að framselja réttindi og skyldur samkvæmt samningi þessum, án samþykkis ríkisstjórnarinnar, til fjármálastofnana sem tryggingu fyrir hvers kyns fjármögnun er tengist verkefninu. Að áskildu því að beinn samningur verði gerður milli ríkisstjórnarinnar og viðkomandi fjármálastofnana, skal

rikisstjórnin, hafi verið gengið að tryggingunni, samþykkja framsal réttinda og skyldna samkvæmt samningi þessum til sérhvers aðila sem eignast hlut félagsins í bræðslunni.

22. gr.

Breytingar og endurskoðun

22.1 Samningi þessum má aðeins breyta með viðaukasamningi sem aðilar gera með sér skriflega.

22.2 Við gerð samnings þessa viðurkenna aðilar að ekki sé raunhæft að hyggjast setja fram ákvæði um hvernig bregðast skuli við öllu því sem upp getur komið á gildistíma hans. Lýsa aðilar yfir þeim ásetningi sínum að samningnum verði beitt með sanngirni í skiptum þeirra og án þess að hagsmunir annars hvors þeirra bíði tjón af, þegar tekið er tillit til þess hvernig skipt er því hagræði og þeirri áhættu sem af honum leiðir. Fari þó svo að atburðir verði, þar á meðal að grundvallarbreytingar verði innan áliðnaðarins, sem aðilar höfðu ekki stjórn á, höfðu ekki leitt hugann að og ekki var réttilega unnt að ætlast til að séðir yrðu fyrir, og þeir raski jafnvægi samnings þessa í grundvallaratriðum og valdi þar með ósanngirni hvað snertir skiptingu hagræðis og áhættu milli aðila, munu aðilar eiga með sér viðræður í góðri trú og leita eftir megni samkomulags um breytingu á samningi þessum til að uppræta orsök eða orsakir slíkrar ósanngirni. Fari svo að aðilar verði ekki ásáttir um að ósanngirni sé til að dreifa, eða um orsakir hennar eða afleiðingar, getur hvor þeirra um sig lagt þá deilu í gerð eins og kveðið er á um í 3. mgr. 17. gr samnings þessa. Aðilar skulu í góðri trú leitast við að ná samkomulagi í ljósi niðurstöðu gerðardómsins. Geti þeir ekki komið sér saman um slíka breytingu getur hvor um sig vísað deiluni í gerð eins og kveðið er á um í 3. mgr. 17. gr. samnings þessa.

22.3 Þrátt fyrir framangreint, getur enginn aðili borið fyrir sig ákvæði 2. mgr. 22. gr. fyrir 1. júlí 2008, né heldur oftari en einu (1) sinni á samningstímanum. Breytingar á samningi þessum, sem gerðardómur skv. 3. mgr. 17. gr. mælir fyrir um, skulu ekki taka mið af efnahagslegum áhrifum á þann aðila sem í hlut á fyrir 1. júlí 2008.

22.4 Aðilar hafa samið um og samþykkt ákvæði þessarar 22. greinar í fullri vitneskju þeirra um ákvæði 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningagerð, umboð og ógilda löggæringna, með áorðnum breytingum skv. lögum nr. 11/1986 og lögum nr. 14/1995. Ákvæði þessarar greinar skulu koma í stað ákvæða 36. gr. nefndra laga.

23. gr.

Tilkynningar

23.1 Hvers kyns tilkynningar, sem áskildar eru eða heimilaðar samkvæmt samningi þessum, skulu sendar bréfleiðis eða með bréfsíma og staðfestar skriflega og teljast gildar og fullnægjandi ef þær eru sendar með ábyrgðarflugpósti að greiddu burðargjaldi eða með bréfsíma og staðfestar í ábyrgðarflugpósti með eftirfarandi utanáskrift:

Til ríkisstjórnarinnar:
